# Framkvæmd umferðaröryggisáætlunar

## Ársskýrsla 2021



Innviðaráðuneytið

Samgöngustofa

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

**INNGANGUR** .......... **4**

**1. UMFERÐARÖRYGGISRÁÐ** .......... **4**

**2. SAMRÁÐSHÓPUR UMFERÐARÖRYGGISÁÆTLUNAR** .......... **4**

**3. FJÁRHAGSÁÆTLUN** .......... **5**

**4. AÐGERÐIR OG VERKEFNI Á ÁRINU 2021: VEGFARENDUR** .......... **6**

4.1. Sjálfvirkt hraðaeftirlit, mælistaðir, eignakaup, viðhald og rekstur .......... 6
4.2. Úrvinnsla gagna úr sjálfvirkum löggæslumyndavélum .......... 9
4.3. Sérstakt eftirlit lögreglu með hraðakstri .......... 9
4.4. Kynningar, forvarnir og fræðsla fyrir almenning .......... 9
*Þróun umferðarhraða .......... 11*
*Ölvunar- og fíkniefnaakstur: Staðan í dag .......... 12*
4.5. Fræðsla til barna og ungmenna .......... 14
*Fræðsla í grunnskólum .......... 14*
*Fræðsla í framhaldsskólum .......... 15*
4.6. Fræðsla til erlendra ökumanna .......... 16
4.7. Slysaskráning .......... 17
4.8. Starfsmanna- og fræðslukostnaður .......... 17
4.9. Önnur verkefni og ófyrirséð .......... 17
*Þátttaka í ráðstefnum og átaki annarra .......... 17*
*Minningardagur um fórnarlömb umferðarslysa .......... 18*
*Ófyrirséð verkefni .......... 18*

**5. AÐGERÐIR OG VERKEFNI Á ÁRINU 2021: VEGAKERFI** .......... **19**

5.1. Eyðing svartbletta, lagfæringar á umhverfi vega og uppsetning vegriða .......... 19
5.2. Undirgöng fyrir búfé og hvíldarsvæði við þjóðvegi .......... 20
5.3. Bættar merkingar við einbreiðar brýr .......... 21
5.4. Ýmis verkefni og ófyrirséð .......... 21
*Umsjón öryggisaðgerða á vegum .......... 21*
*Umferðaröryggisúttekt á vegum .......... 21*

**6. AÐGERÐIR OG VERKEFNI Á ÁRINU 2021: STEFNUMÓTUN, RANNSÓKNIR OG LÖGGJÖF** .......... **22**

6.1. Kannanir á aksturshegðun .......... 22
*Netkönnun um viðhorf og hegðun í umferðinni .......... 22*
*Umferðarkönnun .......... 26*
6.2. Könnun á fræðsluefni til erlendra ferðamanna .......... 27

**7. VERKEFNI ÁN SÉRSTAKRAR FJÁRVEITINGAR** .......... **27**

7.1. Alþjóðlegt samstarf .......... 27

**VIÐAUKI I. SJÁLFVIRKT UMFERÐAREFTIRLIT** .......... **29**

**VIÐAUKI II. LYKILSTÆRÐIR ÚR SLYSASKRÁ SAMGÖNGUSTOFU** .......... **38**

**VIÐAUKI III. EYÐING SVARTBLETTA, LAGFÆRINGAR Á UMHVERFI VEGA OG UPPSETNING VEGRIÐA** .......... **41**

**VIÐAUKI IV. UNDIRGÖNG FYRIR BÚFÉ OG HVÍLDARSVÆÐI VIÐ ÞJÓÐVEGI** .......... **63**

# Inngangur

Umferðaröryggisáætlun byggir á markmiði um öruggar samgöngur sem sett er fram í samgönguáætlun á grundvelli laga nr. 33/2008. Þar er mótuð stefna til fimmtán ára og á grundvelli hennar aðgerðaáætlun til fimm ára. Nákvæmar útfærð aðgerðaáætlun með kostnaðaráætlun er svo mótuð fyrir eitt ár í senn. Árið 2021 var í gildi stefnumótandi samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034 og verkefnaáætlun fyrir árin 2020-2024. Skýrsla um framkvæmd umferðaröryggisáætlunar er hér lögð fram í sextánda sinn og er í henni gerð grein fyrir framkvæmd og árangri aðgerða.

Í umferðaröryggisáætlun samgönguáætlunar er framkvæmdaáætlun um sértækar aðgerðir sem eiga að leiða til fækkunar slysa og lækkunar kostnaðar samfélagsins af umferðarslysum. Frá því að umferðaröryggisáætlun var fyrst lögð fram hefur hefur umferðin breyst mikið samhliða auknum vegabótum og tækniþróun. Margar áherslur og aðgerðir í öryggisátt eru því nýjar svo sem snjalltækjanotkun, akstur erlendra ferðamanna, akstur undir áhrifum vímuefna og rafknúin örflæðisfarartæki svo sem rafhlaupahjól. Aðgerðir á framkvæmdaáætlun skiptast í eftirtalda flokka: Vegfarendur, vegakerfi, ökutæki og stefnumótun, rannsóknir og löggjöf.

Markmið stjórnvalda um aukið umferðaröryggi til ársins 2034 eru tvö;

- Að Ísland verði í hópi fimm bestu Evrópuþjóða hvað varðar fjölda látinna í umferðinni á hverja 100.000 íbúa
- Að látnum og alvarlega slösuðum fækki að jafnaði um 5% á ári til ársins 2034.

## 1. Umferðaröryggisráð

Sérstakt umferðaröryggisráð, sem ætlað er að vinna að framgangi umferðaröryggisáætlunar tók til starfa árið 2005. Árið 2021 sátu í umferðaröryggisráði Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri í innviðaráðuneytinu, og formaður ráðsins, Jón Gunnar Jónsson forstjóri Samgöngustofu, Bergþóra Þorkelsdóttir forstjóri Vegagerðarinnar og Sigríður Björk Guðjónsdóttir ríkislögreglustjóri.

## 2. Samráðshópur umferðaröryggisáætlunar

Samráðshópur um framkvæmd umferðaröryggisáætlunar var skipaður 2005. Hlutverk hans er að gera starfs- og framkvæmdaáætlun á grundvelli umferðaröryggisáætlunar, samkvæmt ályktun Alþingis. Árið 2021 var Ásta Þorleifsdóttir, sérfræðingur hjá innviðaráðuneytinu, formaður samráðshópsins. Aðrir fulltrúar hópsins voru Auður Þóra Árnadóttir forstöðumaður umferðardeildar hjá Vegagerðinni, Gunnar Geir Gunnarsson deildarstjóri öryggis- og fræðsludeildar Samgöngustofu og Guðbrandur Sigurðsson aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

## 3. Fjárhagsáætlun

Í þessari fjárhagsáætlun er gerð grein fyrir ráðstöfun fjár til fræðslu og forvarna, sjálfvirka hraðaeftirlistins og smærri umferðaröryggisverkefna í vegakerfi. Stærri umferðaröryggisverkefnum svo sem aðskilnaði akstursstefna er gerð grein fyrir í skýrslu um framkvæmd samgönguáætlunar.

*Tafla 1. Áætlun um tekjur og gjöld.*

| Tekjur 2021 | millj. kr. |
|---|---|
| Frá vegaáætlun | 700,0 |
| Úr rekstri Ríkislögreglustjóra | 0,0 |
| Frá Samgöngustofu | 75,0 |
| **Til ráðstöfunar alls:** | **775,0** |

| Gjöld 2021 | millj. kr. |
|---|---|
| Vegfarendur | 109,7 |
| Vegakerfið | 660,0 |
| Ökutæki | 0 |
| Stefnumótun, rannsóknir og löggjöf | 5,3 |
| **Samtals gjöld:** | **775,0** |

*Tafla 2. Kostnaður við einstök verkefni*

| | Heiti verkefnis | Áætlun millj. Kr | Rauntölur millj. kr |
|---|---|---|---|
| *Vegfarendur* | | | |
| 4.1 | Sjálfvirkt hraðaeftirlit, mælistaðir, eignakaup, viðhald og rekstur | 25,0 | 23,1 |
| 4.2 | Úrvinnsla gagna úr sjálfvirkum löggæslumyndavélum | 15,0 | 15,0 |
| 4.3 | Sérstakt eftirlit lögreglu með hraðakstri | 0,0 | 0,0 |
| 4.4 | Auglýsingar, kynningar og fræðsla fyrir almenning | 31,5 | 48,5 |
| 4.5 | Fræðsla til barna og ungmenna | 10,0 | 6,9 |
| 4.6 | Fræðsla til erlendra ökumanna | 9,0 | 2,0 |
| 4.7 | Slysaskráning | 3,0 | 3,3 |
| 4.8 | Starfsmanna- og fræðslukostnaður | 12,0 | 10,0 |
| 4.9 | Önnur verkefni og ófyrirséð | 4,2 | 1,4 |
| *Vegakerfi* | | | |
| 5.1 | Eyðing svartbletta, umhverfi vega og vegrið | 628,0 | 620,0 |
| 5.2 | Undirgöng fyrir búfé og hvíldarsvæði við þjóðvegi | 10,0 | 12,9 |
| 5.3 | Bættar merkingar við einbreiðar brýr | 5,0 | 1,5 |
| 5.4 | Ýmis verkefni og ófyrirséð | 17,0 | 11,6 |
| *Stefnumótun, rannsóknir og löggjöf* | | | |
| 6.1 | Kannanir á aksturshegðun | 3,0 | 3,1 |
| 6.2 | Könnun á fræðsluefni til erlendra ferðamanna | 1,3 | 0 |
| 6.3 | Könnun á hjálmanotkun á stígum | 1,0 | 0 |
| | **Kostnaður alls** | **775,0** | **759,3** |

## 4. Aðgerðir og verkefni á árinu 2021: Vegfarendur

Í þessum flokki eru verkefni sem miða að því að bæta og hvetja til æskilegrar hegðunar og viðhorfa hjá ökumönnum og öðrum vegfarendum. Um er að ræða eftirlit lögreglu, sjálfvirkt eftirlit sem og fræðslu- og forvarnaverkefni Samgöngustofu.

### 4.1. Sjálfvirkt hraðaeftirlit, mælistaðir, eignakaup, viðhald og rekstur

Mælistaðir fyrir sjálfvirkt hraðaeftirlit í dreifbýli eru 28, fyrst og fremst á Hringvegi, í jarðgöngum, á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu. 22 stafrænar hraðamyndavélar voru í notkun og hafa þær elstu verið virkar í 15 ár.




Árið 2021 urðu þær breytingar að átta vélar bættust við á tveimur stöðum fyrir meðalhraðaeftirlit, fjórar á Grindavíkurvegi og fjórar í Norðfjarðargöngum.

Vegagerðin sá sem fyrr um almennan rekstur myndavélanna og viðhald eldri mælistaðanna. Hún sér um að senda búnaðinn til útlanda í kvörðun með reglulegu millibili, eftir því sem við á. Viðhaldi myndavélanna er sinnt samhliða kvörðun.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu rekur að auki hraðamyndavél í bíl en kostnaður við rekstur þeirrar vélar er þó ekki greiddur af fjármunum til umferðaröryggisáætlunar.

Hraðakstursbrot eru skráð í málaskrá lögreglu hjá lögreglustjóranum á Snæfellsnesi samkvæmt ákvörðun ríkislögreglustjóra, fyrir utan vélarnar sem staðsettar eru á höfuðborgarsvæðinu þar sem brotin eru skráð hjá embætti viðkomandi lögreglustjóra.

Skráð voru 40.420 brot árið 2021 sem eru töluvert fleiri brot en árið á undan (þegar umferð var óvenjulítil vegna heimsfaraldurs covid-19) en þó í takti við þróunina sem var árin fram að því (sjá mynd 1).

Fjöldi skráðra hraðakstursbrota með sjálfvirkum myndavélum árin 2008 til 2021 kemur fram í mynd 1. Athugið að árið 2017 voru 10.000 brot ekki tekin til skoðunar vegna manneklu, að slökkt var á nokkrum myndavélum á árinu 2019 vegna kvörðunar og á árinu 2020 dró verulega úr komum ferðamanna vegna heimsfaraldurs covid-19.




**Mynd 1 Fjöldi hraðakstursbrota hefur vaxið samhliða vaxandi umferð og vegabótum. Undantekningar eru árin eftir bankahrun og árið 2020 þegar erlendum ferðamönnum fækkaði gríðarlega vegna heimsfaraldurs covid-19.**

Mynd 2 sýnir dreifingu brota eftir mánuðum á árunum 2019 til 2021. Árið 2021 áttu fleiri brot sér stað heldur en árið á undan og er fjöldi brota aftur orðinn sambærilegur við árið 2019, en óvenjufá brot voru skráð árið 2020 vegna lítillar umferðar. Dreifing brota yfir mánuði er þó ólík 2021 og 2019 en fleiri brot áttu sér stað á síðari hluta árs 2021 heldur en 2019.




**Mynd 2. Fjöldi hraðakstursbrota sem stafrænar hraðamyndavélar skráðu árin 2019-2021, greindur eftir mánuðum**

Á mynd 3 sést fjöldi skráðra hraðakstursbrota, greindur eftir vettvangi. Fjöldi brota er misjafn og ræðst það að mestu leyti af virkni véla og umferðarþunga. Eins og fyrri ár voru flest brot skráð á vélarnar á höfuðborgarsvæðinu, eða 19.001. Næstflest brot voru skráð á vélarnar á Suðurlandsvegi eða 5.358. Engin brot voru skráð á Árvöllum á Kjalarnesi á árinu og voru færri brot skráð á færanlega vél á Vesturlandi en árið á undan. Á öðrum stöðum fjölgaði brotum milli ára, hlutfallslega mest fjölgun var í Fáskrúðsfjarðargöngum en mest fjölgun brota var á höfuðborgarsvæðinu og svo við Fiskilæk. Þá voru teknar í notkun nýjar vélar við Hörgárbraut.




**Mynd 3. Fjöldi hraðakstursbrota sem stafrænar hraðamyndavélar skráðu árin 2019-2021, greindur eftir vettvangi**

Nánar má lesa um sjálfvirkt hraðaeftirlit í viðauka I.

| | |
|---|---|
| ÁÆTLUN | 25.000.000,- |
| RAUN | 23.149.581,- |

## 4.2. Úrvinnsla gagna úr sjálfvirkum löggæslumyndavélum

Lögreglan fær fjármagn af viðhaldsfé Vegagerðarinnar til þess að sinna úrvinnslu gagna úr löggæslumyndavélum. Um er að ræða 15 milljónir króna en því til viðbótar leggur lögreglan á Vesturlandi til rúmlega 31 milljón króna. Alls kostar verkefnið því rúmlega 46 milljónir og er ljóst að tryggja þarf með skilvirkum hætti fjármagn til reksturs þessa verkefnis.

| | |
|---|---|
| Áætlun | 15.000.000,- |
| Raun | 15.000.000,- |
| Viðbótarfjármagn frá lögreglu | 31.393.333,- |
| Heildarkostnaður verkefnis | 46.393.333 |

## 4.3. Sérstakt eftirlit lögreglu með hraðakstri

Samkvæmt arðsemismati aðgerða árið 2005 er hraðaeftirlit og ölvunareftirlit lögreglunnar arðbærasta aðgerð til aukins umferðaröryggis. Því var fjármunum af „umferðaröryggisgjaldi“ varið til þessa sérstaka eftirlits lögregluembætta á landsvísu til viðbótar við hefðbundið umferðareftirlit lögreglu.  Því fyrirkomulagi lauk á árinu 2015. Árið 2016 kom sérstök fjárveiting af rekstri ríkislögreglustjóra til þessa verkefnis. Árið 2017 var í fyrsta sinn engu fjármagni veitt til sérstaks hraðaeftirlits og hefur engu fjármagni verið veitt í málaflokkinn síðan þá. Árið 2021 var því fimmta árið í röð sem engu fjármagni var veitt í sérstakt hraða- og ölvunareftirlit lögreglu. Ætla má að hraðaeftirlit sé því með allra minnsta móti á landsvísu en tölfræði um meðalhraða á þjóðvegi 1 gefur vísbendingar um að hann fari hækkandi ár frá ári og er það mikið áhyggjuefni.

| | |
|---|---|
| Áætlun | 0,- |
| Raun | 0,- |

## 4.4. Kynningar, forvarnir og fræðsla fyrir almenning




Árið 2021 var framleidd ein stór auglýsing, þar sem hvatt er til beltanotkunar á jákvæðan hátt. „Smellum saman“ er lag og tónlistarmyndband þar sem Króli og Rakel Björk syngja saman um ástina, öryggið og bílbeltin.

Í texta og jafnvel í dansi eru tilvísanir í mikilvægi þess að spenna beltin. Skilaboðin voru viljandi ekki alveg augljós enda stóð til að lagið og myndbandið gætu staðið sjálfstætt. Í lok myndbandsins fer svo ekki á milli mála hver skilaboðin eru þegar að „Smellum saman“ birtist með öryggisbelti og belta-smellu-hljóði.

Auglýsingin var fyrst og fremst sýnd á samfélagsmiðlum en einnig í sjónvarpi, google auglýsingum, á YouTube, í strætóskýlum og á auglýsingaskiltum. Ein vinsælasta TikTok stjarna landsins, Lil Curly, var fenginn til þess að taka þátt í gerð myndbandsins og birta færslur um það á TikTok sem fengu hundruð þúsunda áhorf og má ætla að vel hafi verið náð til yngri áhorfenda . Lagið, textann og myndbandið má finna á síðunni www.smellumsaman.is.

Byrjað var á verkefninu „Nap And Go" með Visit Reykjanes, Safetravel og Samtökum ferðaþjónustunar. Markmið þess er að hvetja farþega sem koma með næturflugi, sérstaklega ferðamenn frá Norður-Ameríku til þess að hvíla sig áður en lagt er af stað í langferð. Ferðamanninum er boðið að leigja hótelherbergi til hvíldar frá 06-12 fh í nálægð við flugvöllinn áður en hann heldur út í daginn undir stýri. Árið 2021 var verkefnið undirbúið, hótel fengin til samstarfs o.fl. en árið 2022 er ætlunin að verkefnið fari formlega af stað.

Birtar voru auglýsingar ætlaðar pólskumælandi fólki á vefmiðlinum www.icelandnews.is en þar er að finna fréttir á pólsku.




Að vanda voru sýndar fræðslumyndir á RÚV á milli dagskrárliða þar sem verið er að kenna á umferðina frekar en að reyna að breyta hegðun.

Árið 2020 voru framleidd myndbönd í samstarfi við Slysavarnafélagið Landsbjörg. Var þar undirstrikuð sú ábyrgð sem farþegi í framsæti, aðstoðarbílstjórinn, ber á lengri ökuferðum. Má þarf nefna að sinna börnum, símtæki ökumanns, leiðsögukerfi og margt fleira. Sumarið 2021 voru þessi myndbönd endurbirt, fyrst og fremst á samfélagsmiðlum.

Nýjar fræðslumyndir voru framleiddar á árinu þ.m.t. fræðslumynd um öryggi barna í bíl sem fjallar um reglur, öryggisatriði og öryggisbúnað barna. Þá var framleidd mynd um ljósanotkun þar sem farið er yfir ýmis atriði um ljós og sýnileika bifreiða í umferðinni, þ.á.m. ljósaskyldu og dagljósabúnað. Þá var hafist handa við gerð myndar um eftirvagna.

Í samstarfi við Landsamband hestamannafélaga var framleidd mynd um samspil hestamanna og annarrar umferðar. Samhliða var undirritaður sáttmáli hestamanna og annarra vegfarenda þar sem allir aðilar heita því að taka tillit til annara vegfarendahópa og sýna varúð óháð forgangi.

Í samstarfi við Fjölskyldugarðinn var „bílabrautinni" í Fjölskyldugarðinum breytt í Ökuskólann Kátugötu og var hann skreyttur með persónum og teikningum úr Kátugötubókunum sem Samgöngustofa hefur gefið út um árabil. Samhliða var framleidd fræðslumynd fyrir yngstu vegfarendurnar þar sem þeim eru kennd grundvallaratriði umferðar, s.s. hvoru megin á götunni skal aka, hvað rautt og grænt ljós þýðir, hvað helstu umferðarmerki þýða o.s.frv. Börnum er sýnd myndin áður en þau keyra um í ökuskólanum.




Samgöngustofa tók þátt í átaki Sniglanna, Líttu tvisvar, þar sem ökumenn eru hvattir til þess að ganga úr skugga um að ekki sé bifhjól á veginum sem ekið er inn á.

Samgöngustofa heldur úti nokkuð öflugri Facebook síðu þar sem skilaboðum er komið til almennings með stöðuuppfærslum sem greitt er sérstaklega fyrir svo skilaboðin dreifist sem víðast.

Þess ber að geta að vegna minnkandi þarfar á að fræða erlenda ferðamenn um umferðaröryggi á Íslandi var hægt að setja meira fjármagn til fræðslu innanlands en áætlað hafði verið.

| | |
|---|---|
| Áætlun | 31.500.000,- |
| Raun | 48.529.737,- |

## Þróun umferðarhraða

Á mynd 4 eru upplýsingar um þróun umferðarhraða að sumarlagi á 10 stöðum á Hringveginum, á tímabilinu 2004-2021, skv. umferðargreinum Vegagerðarinnar.




**Mynd 4. Meðaltal ökuhraða að sumarlagi á 10 stöðum á Hringvegi 2004 – 2021. Mælistað við Pétursey er sleppt árið 2012. Mælistað við Hellisheiði er sleppt árið 2015. Umferðargreinir í Eldhrauni skilaði ekki hraðagögnum fyrir júnímánuð 2019 en gögn fyrir júlí – september eru notuð fyrir þann stað. Árið 2021 var hraði á Árvöllum lækkaður í 70 km/klst. vegna framkvæmda og því eru gildi fyrir þann kafla ekki notuð til útreikninga og í stað voru notuð gildi frá Fagradal.**

Meðalökuhraði á 10 stöðum á Hringvegi sumarið 2021 var 93,5 km/klst. og hafði hann hækkað um 0,3 km á klst. frá sumrinu áður. Vert er að geta þess að meðalhraðinn við Árvelli sl. 10 ár hefur verið áberandi lægri en á öðrum mælistöðum Hringvegarins en sá staður var ekki með árið 2021. Meðaltal $v_{85}$ hraða ($v_{85}$ er sá hraði sem 15% ökumanna fara yfir) var 103,1 km/klst. og hafði hann hækkað um 1,0 km/klst. frá fyrra ári.

Ljóst er að meðalhraði lækkar á flestum stöðum eða um 1,2 km/klst. Í Eldhrauni um 2,0 km/klst.; við Pétursey um 1,2 km/klst.; á Hellisheiði, um 0,5 km/klst. á Hafnarmelum og um 0,3 km km/klst. við Gljúfurá í Húnavatnssýslu. Meðalhraðinn hækkaði hins vegar um 0,7 km/klst. við Hvassafell í Norðurárdal og um 0,3 km í Hrútafirði. Langidalur og Öxnadalur standa nánast í stað. Ofangreindar hraðatölur gilda fyrir umferð í frjálsu flæði, þ.e. að bil milli ökutækja og umferðarmagn er með því móti að reiknað er með að hver ökumaður velji sinn ökuhraða.

Á mynd 5 er sýnt hvernig það hlutfall ökumanna sem aka hraðar en 30 km/klst. yfir leyfilegum hámarkshraða breytist á völdum mælistöðum á tímabilinu 2019-2021. Sumarið 2021 var hlutfallið hæst á vegum á Norðurlandi; á Hringvegi í Hrútafirði þar sem það var 2,45%, í Öxnadal 2,39% og loks 2,30% í Langadal.




**Mynd 5. Hlutfall ökumanna á Hringvegi sem aka hraðar en 30 km/klst. yfir leyfilegum hámarkshraða. Hlutfallið er hærra á Norðurlandi en á sunnlenskum vegum, en lækkar alls lítilsháttar frá fyrra ári (um 0,06%).**

## Ölvunar- og fíkniefnaakstur: Staðan í dag

Árið 2021 lést einn einstaklingur af völdum ölvunaraksturs eða fíkniefnaaksturs og átta manns slösuðust alvarlega. Það er mikil breyting frá fyrra ári þegar fjórir létust og 14 manns slösuðust alvarlega. Tafla 3 sýnir afleiðingar ölvunar- og fíkniefnaaksturs síðustu ára.

***Tafla 3. Afleiðingar ölvunar- og fíkniefnaaksturs***

| Ár | Látnir af völdum ölvunar- og fíkniefnaaksturs | Látnir alls | Hlutfall | Alvarlega slasaðir af völdum ölvunar- og fíkniefnaaksturs | Alvarlega slasaðir alls | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2017 | 2 | 16 | 13% | 17 | 189 | 9% |
| 2018 | 1 | 18 | 6% | 20 | 183 | 11% |
| 2019 | 0 | 6 | 0% | 8 | 182 | 4% |
| 2020 | 4 | 8 | 50% | 14 | 149 | 9% |
| 2021 | 1 | 9 | 11% | 8 | 199 | 4% |
| **Meðaltal** | **1,6** | **11,4** | **14%** | **13,4** | **180,4** | **7%** |

Frá árinu 2006 hefur lögreglan prófað hjá ökumönnum hvort ekið væri undir áhrifum ávana- og/eða fíkniefna. Prófið felur í sér að munnvatns- eða svitasýni er tekið af ökumanni og ef vísbendingar eru um slíkt er blóð tekið til frekari rannsóknar.

***Tafla 4. Fjöldi einstaklinga sem teknir eru fyrir ölvunar- og fíkniefnaakstursbrot***

| Ár | Fjöldi einstaklinga teknir fyrir ölvunarakstursbrot | Fjöldi einstaklinga teknir fyrir fíkniefnaakstursbrot |
|---|---|---|
| 2017 | 1.412 | 1.257 |
| 2018 | 1.505 | 1.453 |
| 2019 | 1.413 | 1.589 |
| 2020 | 976 | 1.242 |
| 2021 | 1.215 | 1.208 |
| **Samtals** | **6.521** | **6.749** |

Í töflu 4 má sjá fjölda einstaklinga sem teknir eru fyrir akstur undir áhrifum. Þeir einstaklingar sem teknir eru oftar en einu sinni innan ársins telja aðeins einu sinni í þeirri töflu. Samkvæmt henni eru fleiri einstaklingar teknir fyrir ölvunarakstur en fíkniefnaakstur en þó munar ekki miklu.

Mynd 6 sýnir hins vegar fjölda brota og þar telur einstaklingur sem tekinn er oftar en einu sinni jafnoft og hann er tekinn. Samkvæmt henni eru fíkniefnaakstursbrot töluvert fleiri en ölvunarakstursbrot sem segir okkur að þeir einstaklingar sem teknir eru fyrir fíkniefnaakstur eru stöðvaðir mun oftar að jafnaði en þeir sem teknir eru fyrir ölvunarakstur.




**Mynd 6. Fjöldi ölvunar- og fíkniefnaakstursbrota eftir árum**

## 4.5. Fræðsla til barna og ungmenna

### Fræðsla í grunnskólum



Í umferðaröryggisáætlun er sérstaklega leitast við að tryggja öryggi barna í umferðinni og frá árinu 2018 hefur verið unnið með sveitarfélögum sem fara með málefni grunnskóla. Með þessu nýja sniði skuldbinda sveitarfélög sig til að innleiða umferðarfræðslu í sína grunnskóla. Skólastjórar og fræðslustjórar koma að borðinu strax í upphafi og eru hluti af öllu ferlinu en Samgöngustofa er að sjálfsögðu alltaf innan handar með aðstoð. Fyrstu sveitarfélögin voru Hveragerði og Garðabæ. Skipaðir voru verkefnastjórar, greiddir af Samgöngustofu, með það verkefni að innleiða umferðarfræðslu og útbúa námsefni sem önnur sveitarfélög og skólar geta nýtt sér.

Veturinn 2019-2020 voru Grindavík og Hafnarfjörður í sambærilegu samstarfi við Samgöngustofu. Vegna heimsfaraldurs covid-19 gekk hægar að innleiða umferðarfræðslu í grunnskólum vegna raskana í námi. Því var aftur samið við Hafnarfjarðarbæ fyrir veturinn 2020-2021.

Í kjölfarið verður samið við fleiri sveitarfélög á hverju ári samhliða endurbótum á verklagi, meira og fjölbreyttara námsefni, útfærsla viðburða og fleiru sem skólar geta gert til eflingar umferðafræðslu og verður því ekki sama þörf fyrir beina aðkomu Samgöngustofu. Ætlunin er að á 5-10 árum verði öll sveitarfélög á landinu búin að innleiða umferðarfræðslu í skólum.




Ný endurskinsmerki hafa verið framleitt frá árinu 2017 hönnuð m.t.t að ungmenni vilji nota þau. Árið 2021 voru fleiri endurskinsmerki prentuð og þeim dreift í alla 8.-10. bekki landsins. Þá var farið í litla herferð um jólin þar sem fólk var hvatt til að nota endurskinsmerki. Jólasveinn var í aðalhlutverki og sýndur munurinn á sýnileika með og án endurskinsmerkis.



Á vefnum www.umferd.is er birt námsefni í umferðarfræðslu auk ýmiss fróðleiks og skemmtiefnis fyrir börn, foreldra og kennara. Á árinu féll til kostnaður vegna viðhalds á vefnum og endurnýjun á efni.

Í lok árs stóð Samgöngustofa fyrir jóladagatali með framleiðslu á 24 stuttum þáttum sem sýndir vour einn á dag í desember fram til jóla, í Sjónvarpi Símans og á vefnum. Nokkrir meðlimir úr Leikhópnum Lottu voru fengnir til að skrifa handrit, leika og taka upp þættina og er óhætt að segja að vel hafi til tekist.

Í töflu 5 má sjá tölur yfir slösuð og látin börn síðustu fimm ár.

*Tafla 5. Slösuð 0-14 ára börn 2016-2020*

| | Látin | Alvarlega slösuð | Lítið slösuð | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| 2017 | 2 | 12 | 109 | 123 |
| 2018 | 1 | 20 | 114 | 135 |
| 2019 | 0 | 24 | 94 | 118 |
| 2020 | 0 | 28 | 91 | 119 |
| 2021 | 1 | 22 | 87 | 110 |
| **Meðaltal** | **0,8** | **21** | **99** | **121** |

| | |
|---|---|
| Áætlun | 8.500.000,- |
| Raun | 6.885.231,- |

## Fræðsla í framhaldsskólum




Frá árinu 2009 hefur verið framleitt fræðsluefni fyrir ungmenni. Verkefnið „Svo kom það fyrir mig" byggist upp á stuttum kvikmyndum um raunveruleg umferðarslys á Íslandi en flest þeirra eru banaslys þar sem ungir ökumenn koma við sögu og verða jafnvel vinum sínum eða ættingjum að bana. Í myndunum er fjallað um slysið, orsakir þess og aðdraganda auk þess sem rætt er við hlutaðeigandi; bílstjórann í sumum tilfellum en einnig aðstandendur fórnarlamba og gerenda.

Upphaflega var hugmyndin að kenna kennurum á efnið og láta þeim svo eftir að sýna myndirnar og vekja umræðu um efnið. Það hefur hins vegar ekki gengið eftir og eru fáir skólar sem kenna efnið sjálfir en þess í stað hefur starfsfólk Samgöngustofu verið duglegt að mæta í skóla og kenna efnið þegar eftir því er kallað. Auk myndanna sjá krakkarnir erindi um umferðaröryggi og þær hættur sem steðja að ungum ökumönnum, þ.m.t. ölvun, fíkniefni og farsímanotkun. Þá er farið yfir ökunámið, punktakerfið og hvaða afleiðingar bíða þeirra ökumanna sem ekki standa sig vel fyrstu árin.

Í þeim sex myndum sem hafa verið framleiddar undir merkjum þessa verkefnis hefur verið tekið á mjög mörgum áhættuþáttum meðal ungra ökumanna. Ein myndin fjallar um ungt fólk í spyrnu (hraðakstur), ein fjallar um ölvunarakstur, ein fjallar um beltanotkun á stuttum leiðum innanbæjar, ein fjallar um beltanotkun í aftursæti og truflun bílstjóra við akstur og sú nýjasta fjallar um farsímanotkun undir stýri. Auk þessara er ein myndin frásögn föður sem missti son sinn í umferðarslysi.

Vegna samfélagslegra takmarkana á árinu varð ekki að sumum ráðgerðum verkefnum svo sem að útbúa nýja fræðslumynd fyrir framhaldsskóla né heldur að senda verktaka í framhaldsskólaheimsóknir

| | |
|---|---|
| Áætlun | 1.500.000,- |
| Raun | 0,- |

## 4.6. Fræðsla til erlendra ökumanna

Samgöngustofa tekur þátt í Safetravel verkefni Landsbjargar. Vísar slóðin drive.is nú á slóðina *www.safetravel.is/driving* en á þeirri síðu geta erlendir ferðamenn nálgast upplýsingar um öryggi á íslenskum vegum. Leitast er við að ná til þeirra sem eru að kynna sér landið, ferðaskrifstofur, bílaleigur o.þ.h. sem gefur til kynna að viðkomandi sé á leiðinni til Íslands.




Í samstarfi við Vegagerðina, SAF, bílaleigur landsins, Sjóvá og Landsbjörg hefur Samgöngustofa prentað og dreift stýrisspjöldum síðustu ár en það er einskonar bæklingur sem er hengdur á stýri bílaleigubíla og kemst því leigutakinn ekki hjá því að sjá það. Á spjaldinu eru upplýsingar fyrir erlenda ferðamenn um séríslenskar aðstæður, s.s. sérstök umferðarmerki sem ekki þekkjast annars staðar og almennar varúðarreglur. Árið 2021 var engin endurprentun á stýrisspjaldinu þar sem lítið var um ferðamenn en nýttur lager fyrra árs til dreifingar.



Samgöngustofa gerir greinarmun á erlendum ferðamönnum og erlendum ríkisborgurum sem búsettir eru hérlendis þ.e. með íslenska kennitölu.

Áhugavert er að skoða þróun slysa á erlendum ríkisborgurum búsettum hér borið saman við slys ferðamanna sem heimsækja landið að teknu tilliti til fjölda. Þess má geta að fræðsluefni var dreift til erlendra ríkisborgara búsettra á Íslandi og annarra sem ekki tala íslensku nægilega vel og er þess getið í kafla 4.4.

***Tafla 6. Slys á erlendum ferðamönnum og erlendum ríkisborgurum búsettum hérlendis***

| | Slasaðir og látnir erlendir ferðamenn | Fjöldi erlendra ferðamanna um KEF (þús) | Slasaðir og látnir á hverja 100.000 ferðamenn | Slasaðir og látnir erlendir ríkisborgarar búsettir hérlendis | Fjöldi erlendra ríkisborgara búsettra hérlendis (þús, 1. jan) | Slasaðir og látnir á hverja 1000 erlenda ríkisborgara búsetta hérlendis |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2017 | 239 | 2.225 | 10,7 | 136 | 30,3 | 4,5 |
| 2018 | 202 | 2.344 | 8,6 | 118 | 37,8 | 3,1 |
| 2019 | 193 | 2.013 | 9,6 | 125 | 44,3 | 2,8 |
| 2020 | 45 | 479 | 9,4 | 128 | 49,4 | 2,6 |
| 2021 | 94 | 688 | 13,7 | 130 | 51,3 | 2,5 |
| **Meðaltal** | **155** | **1.550** | **10,0** | **127** | **42,6** | **3,0** |

| | |
|---|---|
| Áætlun | 9.000.000,- |
| Raun | 2.000.000,- |

## 4.7. Slysaskráning

Útlagður kostnaður vegna slysaskráningar er vegna slysagagna frá Aðstoð og Öryggi, vegna hýsingar og reksturs slysakortsins og uppfærsla á fjölda látinna á skilti í Svínahrauni. Þessi kostnaður er færður á umferðaröryggisáætlun. Eftir stendur þó launakostnaður, kerfisrekstur og annað sem greitt er fyrir með öðrum hætti.




| | |
|---|---|
| ÁÆTLUN | 3.000.000,- |
| RAUN | 3.337.187,- |

## 4.8. Starfsmanna- og fræðslukostnaður

Til þess að hægt sé að vinna verkefni á umferðaröryggisáætlun á faglegan hátt og innan tímaramma þarf að greiða fyrir sameiginlegan kostnað sem dreifist á öll verkefnin. Þessi kostnaður er tekinn saman í þennan lið. Í fyrsta lagi er um að ræða kostnað vegna vinnu sérfræðinga sem vinna að verkefnum á umferðaröryggisáætlun og að auki er hér um að ræða kostnað við fundi og ráðstefnur.

| | |
|---|---|
| ÁÆTLUN | 12.000.000,- |
| RAUN | 10.000.000,- |

## 4.9. Önnur verkefni og ófyrirséð

### Þátttaka í ráðstefnum og átaki annarra

Ráðstefnan Hjólum til framtíðar hefur verið styrkt síðustu ár en í ár féll hún niður vegna heimsfaraldurs covid-19. Eftir sem áður var átakið „Göngum í skólann" á vegum ÍSÍ styrkt með fjárframlagi. Með þátttöku í slíkum verkefnum kemst Samgöngustofa að borðinu og getur gætt þess að umferðaröryggi sé ofarlega á baugi í efni og umfjöllun. Einnig tók Samgöngustofa þátt í slysavarnaráðstefnu Landsbjargar og greiddi þar fyrir að hafa „fræðsluveggspjöld" sýnileg fyrir gesti ráðstefnunnar.

Göngum í skólann

## Minningardagur um fórnarlömb umferðarslysa



Alþjóðlegur minningardagur um fórnarlömb umferðarslysa er haldinn hátíðlegur þriðja sunnudag í nóvember. Árlega er haldin athöfn við Landsspítalann í Fossvogi en vegna heimsfaraldurs covid-19 féll athöfnin niður árið 2021 annað árið í röð. Þess í stað voru minni athafnir haldnar víða um land og var streymt á vefnum frá einhverjum þeirra. Mikið var lagt upp úr því að kynna daginn fyrir almenningi og fólk hvatt til þess að fylgjast með streymi frá einhverri af athöfnunum sem haldnar voru. Var auglýsingin Angels m.a. notuð til þeirrar kynningar en undir henni hljómar lagið „When I think of Angels“ eftir KK sem nú er orðið einskonar einkennislag minningardagsins.

## Ófyrirséð verkefni

Fjárhagsleg áætlun vegna ófyrirséðra verkefna lendir hér en kostnaðurinn lendir yfirleitt í þeim köflum sem verkefnin lenda. Ráðist var í ýmis konar verkefni sem ekki voru á áætlun og kemur því til meiri kostnaðar í þeim köflum en í staðinn kemur til minni kostnaður en áætlað var fyrir hér.

| | |
|---|---|
| Áætlun | 4.200.000,- |
| Raun | 1.413.593,- |

# 5. Aðgerðir og verkefni á árinu 2021: Vegakerfi[1]

## 5.1. Eyðing svartbletta, lagfæringar á umhverfi vega og uppsetning vegriða

Á árinu 2021 var unnið að lagfæringum á 118 stöðum skv. samþykktum verkefnalistum, en sum þeirra verkefna voru þó ekki á upphaflegum lista og af framkvæmdum annarra gat ekki orðið. Þessum verkefnum er leitast við að flokka niður, en sum þeirra renna nokkuð saman því að margt kann að vera gert í einni framkvæmd, t.d. að vera ekið með efni í vegfláana ásamt uppsetningu vegriða og auknum merkingum, jafnvel settar hjáreinar á gatnamótin og einnig lýsing.

Unnið var á 28 stöðum að lagfæringum á öryggissvæði vegar, m.a. með því að lengja ræsi, lagfæra vegfláa og fylla í skurði. Sem dæmi má nefna lagfæringar á öryggissvæði Hringvegar undir Akrafjalli, Hringveginum rétt norðan Borgarness, Akrafjallsvegi, Snæfellsnesvegi 54-12, Djúpvegi 61-33, Hringvegi í Hrútafirði og við Litlu-Gilјá og austanverðum Skagafirði. Mörg ræsi voru lengd á Hringvegi um Skeiðarársand. Ekið var efni í fláa utan Hringvegar hjá Gatnabrún í Mýrdal. Tveir samskonar staðir lagfærðir á Biskupstungnabraut milli Brúarár og Reykholts og unnið var að lagfæringum á Þingvallavegi milli Grafningsvegar og Kjósarskarðsvegar. Lengd voru stór ræsi rétt norðan við Laugarvatn. Ekið var efni í fláa Hvalfjarðarvegar við bæinn Eyri.



Vegrið voru sett upp eða lengd á 22 stöðum, t.d. á Hringveginum í Kollafirði, í Hrútafirði, í Langadal, á Öxnadalsheiði við Másvatn (í Mývatnssveit), um Hvalnesskriður og Kambanesskriður og fleiri kafla Hringvegarins þar í grennd, á Djúpvegi í Skötufirði, á Vestfjarðavegi um Svínadal, við Hvammaveg nr. 853, Laxárdalsveg nr. 856 (við Laxárgljúfur), Lagarfossvegi nr. 944 og vegrið endurnýjuð við Ölfusárbrú og Óseyrarbrú.

Unnið var að lagfæringum á 21 vegamótum. Þar á meðal hjáreinar á 7 stöðum milli Hvalfjarðarganga og Borgarness og á 4 stöðum norðan við Borgarnes. Bætt voru gatnamót á Raufarhöfn, auknar sjónlengdir við Heiðmerkurveg á Hringveginn, settar 2 hjáreinar við Gaulverjabæjarveg og við Sumarliðabæjarveg við Hringveginn. Tvö gatnamót voru stefnugreind; Þorkákshafnarvegur/Eyrarbakkavegur og Hringvegur/Reynishverfisvegur. Þá var Lambalækjavegur við Fljótshlíðarveg færður til að auka sjónlengdir og vera fjær íbúðarhúsi. Merkingar voru bættar á 8 stöðum, þ.m.t. á vegamótum Snæfellsnesvegar/Heydalsvegar, Hringvegar/Vattarnesvegar, og Hringvegar/Mjóafjarðarvegar, Beygjuörvum var og fjölgað og stækkaðar á Hringvegi við Neðra-Vatnshorn og á Seyðisfjarðarvegi við Eyvindará. Þá voru málaðar þverrendur á nokkrum stöðum.

[1] Stórframkvæmdir í vegamálum, svo sem breikkun vega með aðskilnaði akstursstefna og gerð nýrra brúa sem leysa einbreiðar brýr af hólmi auka umferðaröryggi til muna og sama má segja um fleiri verkefni Vegagerðarinnar. Gerð er grein fyrir þessum verkefnum í ársskýrslu Vegagerðarinnar ár hvert.

Á 15 stöðum var öryggi gangandi vegfarenda bætt. Munar þar mest um 8 staði á Selfossi. Einnig í Búðardal, á Ísafirði, á Reyðarfirði (ljós sem mest nýtist hestamönnum) og á Djúpavogi. Í fyrsta sinn hér á landi var sett upp gagnvirk hraðahindrun og var það gert í Ólafsvík. Hún virkar þannig að sé ökutæki ekið of hratt ræsir það hraðahindrun sem er felld inn í yfirborð vegar en ef ekið er á löglegum hraða helst yfirborðið slétt.



Á 2 stöðum var götulýsing bætt; í Neskaupstað og á Selfossi. Og hraðaviðvörunarljós voru sett upp við Jökulsá við Breiðamerkurlón.

Á vegum þjónustustöðva Vegagerðarinnar á landsbyggðinni var jafnframt unnið að ýmsum lagfæringum á umhverfi vega og að öðrum öryggisaðgerðum. Hver þjónustustöð fær þá 1-2 m.kr. sem þær nota skv. eigin ákvörðun og sem skal þá uppfylla skilyrði öryggisaðgerða. Auk ofantalinna verkefna er þar stundum um að ræða, og oft samhliða öðrum framkvæmdum, að fjarlægja stórgrýti úr vegfláum eða klapparnibbur og viðlíka, jafnvel að fjarlægja gróður sem skyggir á. Nánari upplýsingar um verkefni þjónustustöðva undir þessum lið árið 2021 má sjá í viðauka III.

Unnið var að fleiri verkefnum í þágu umferðaröryggis sem fjármögnuð voru af öðrum liðum og tengjast því umferðaröryggisáætlun ekki beint. Hér má t.d. nefna að frá árinu 2010 hefur verið unnið að uppsetningu vegriða og að ýmsum öðrum verkefnum víða á höfuðborgarsvæðinu og á öðrum stöðum á suðvesturhorninu og hefur fjármagn til þessara verkefna, sem eru utan umferðaröryggisáætlunar, komið af úthlutun til nýbygginga en almennt eru umferðaröryggisaðgerðir fjármagnaðar með viðhaldsfé.



| | |
|---|---|
| Áætlun | 628.000.000,- |
| Raun | 619.969.196,- |

## 5.2. Undirgöng fyrir búfé og hvíldarsvæði við þjóðvegi

Keypt var annars vegar efni í ræsi fyrir sauðfé sem koma á undir Hringveginn á móts við Skógarhlíð á Héraði, og hins vegar var gengið frá uppsetningu á reiðgöngum af stærstu gerð (3,74 m á hæð) undir Biskupstungnabraut í tengslum við færslu á Skeiða- og Hrunamannavegi.

Sjá nánar í viðauka IV.



| | |
|---|---|
| Áætlun | 10.000.000,- |
| Raun | 12.873.158,- |

## 5.3. Bættar merkingar við einbreiðar brýr

Síðastliðin 5 ár hefur verið í gangi átak við að merkja einbreiðar brýr með skiltum og yfirborðsmerkingum og setja upp blikkljós, en blikkljósin hafa verið greidd af fjárveitingum til umferðaröryggisaðgerða. Árið 2021 voru þau þó einungis sett upp blikkljós við Jökulsá á Breiðamerkursandi.




| | |
|---|---|
| Áætlun | 5.000.000,- |
| Raun | 1.541.350,- |

## 5.4. Ýmis verkefni og ófyrirséð

### Umsjón öryggisaðgerða á vegum

Vinna við umsjón öryggisaðgerða á vegum er greidd af fjárveitingum til umferðaröryggisáætlunar. Hér undir fellur m.a. kostnaður við greiningu slysastaða.

### Umferðaröryggisúttekt á vegum



Umferðaröryggisúttekt er einn þáttur umferðaröryggisstjórnunar og felst í því að reglulega fer fram skoðun á vegakerfinu þar sem sjónum er beint að ýmsum öryggisþáttum á eða við veg. Markmiðið með umferðaröryggisúttekt er að finna þá staði þar sem hætta er á að slys geti orðið og gera áætlun um lagfæringar í kjölfarið. Markmið lagfæringanna er að koma í veg fyrir slys eða draga úr afleiðingum slysa sem kunna að verða.

Árið 2021 voru ekki gerðar umferðaröryggisúttektir sökum heimsfaraldursins covid-19, en nokkrir staðir voru samt skoðaðir með svipaðri aðferðafræði af einum starfsmanni, og lagfæringar þar verða að hluta til gerðar árið 2022 og kostað af umferðaröryggisaðgerðum.

| | |
|---|---|
| Áætlun | 17.000.000,- |
| Raun | 11.641.420,- |

# 6. Aðgerðir og verkefni á árinu 2021: Stefnumótun, rannsóknir og löggjöf

## 6.1. Kannanir á akstursheggðun

### Netkönnun um viðhorf og hegðun í umferðinni

Í október 2021 framkvæmdi Gallup könnun á aksturshegðun og viðhorfi til umferðar meðal almennings fyrir Samgöngustofu. Sambærileg könnun hefur verið framkvæmd frá árinu 2005 og gefur könnunin mjög góða mynd af núverandi ástandi ásamt þróun á hegðun og viðhorfi fólks til umferðar. Svarendur voru 1107, 18 ára og eldri, af báðum kynjum, af öllu landinu. Nánar má lesa um niðurstöður könnunarinnar á vef Samgöngustofu.

Um 35-45% Íslendinga halda sig innan hámarkshraða og um 7-8% Íslendinga aka hraðar en 10 km/klst. yfir hámarkshraða. Þróun ökuhraða virðist vera sú að ökuhraði er að aukast örlítið en fjöldi þeirra sem ekur meira en 10 km/klst yfir hámarkshraða virðist hafa aukist talsvert árið 2021 frá því sem var árin þar á undan. Meðalhraðinn er 4-5 km/klst yfir hámarkshraða og hefur hækkað aðeins á milli ára.




**Mynd 7. Sagður almennur ökuhraði við hámarkshraða 30, 60 og 90 km/klst. 2021**




**Mynd 8. Þróun ökuhraða við hámarkshraða 30, 60 og 90 km/klst. 2017-2021**

Um 75% ökumanna telja hegðun annarra vegfarenda valda sér truflun eða álagi við akstur. Er þá helst talað um skort á notkun stefnuljósa, farsímanotkun ökumanna, of hægan akstur og hegðun fólks á rafhlaupahjóli. Truflun vegna farsímanotkunar ökumanna jókst mikið fram til ársins 2016 en dregist að einhverju leyti saman síðan þá. Hjólreiðamenn og fótgangandi verða einnig fyrir truflun í umferðinni. Þar er mest áberandi hegðun fólks á rafmagnsvespum og rafhlaupahjólum, að ökumenn stöðva ekki við gangbraut og of hraður akstur. Skortur á notkun stefnuljósa og farsímanotkun ökumanna virðist trufla minna en áður en hegðun vegfarenda á rafknúnum hjólum truflar fótgangandi mun meira en hún hefur gert síðustu ár og virðist nú vera eitt stærsta vandamálið hvað gangandi og hjólandi vegfarendur varðar.

Farsímanotkun ökumanna er áberandi í umferðinni. Síðustu ár virðast þó færri tala í símann án handfrjáls búnaðar undir stýri en að sama skapi fjölgar þeim sem tala í símann með handfrjálsum búnaði. Helsta skýringin á því er sú að flestir nútímabílar tengjast símanum með bluetooth og gerir ökumanni kleift að tala í símann án þess að handleika símtækið.

Þegar kemur að farsímanotkun er mikill munur á því hvað fólk telur hættulegt og hvað fólk gerir. Um 97% aðspurðra telja hættulegt að skrifa skilaboð á meðan á akstri stendur, þar af telja 58% það stórhættulegt. Þrátt fyrir þetta segjast um 28% aðspurðra eiga það til að skrifa skilaboð undir stýri. Að sama skapi telja um 95% það hættulegt að lesa skilaboð undir stýri á meðan 37% játa þó að eiga það til að gera það. Áhyggjum veldur að færri en áður telja farsímanotkun undir stýri stórhættulega en í staðinn telja fleiri hana frekar hættulega. Er það vísbending um að fleiri telja hegðunina ásættanlega.







**Mynd 9. Farsímanotkun undir stýri og mat á hættunni sem henni fylgir**

Beltanotkun stendur að mestu leyti í stað á milli ára en þar sem má sjá breytingar eru þær til hins verra.







**Mynd 10. Beltanotkun Íslendinga**

Um 23% ökumanna eiga það til (oft, stundum eða sjaldan) að aka eftir að hafa fengið sér einn áfengan drykk. Er það talsvert lakari niðurstaða en árin 2019 og 2020 en á pari við síðustu ár þar á undan. Til samanburðar var þetta hlutfall 24% til 29% á árunum 2013 til 2018 og var um þriðjungur þegar verst var árið 2012.

Sumarhjólreiðar virðast dragast örlítið saman á milli ára á sumrin en vetrarhjólreiðar aukast aðeins ef marka má þessa könnun. Árið 2021 sögðust 4% hjóla daglega yfir sumartímann sem er sama hlutfall og árið áður en um 48% sögðust aldrei nota hjól yfir sumartímann sem er hækkun frá 2020. Um 74% segjast aldrei hjóla yfir vetrartímann og er það hlutfall lægra en það hefur verið síðustu ár.

Hjálmanotkun á reiðhjóli hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár en nú minnkar hún á milli ára í fyrsta skipti í langan tíma. Árið 2021 segjast 65% alltaf nota hjálm samanborið við 72% árið 2020 en árið 2015 var þetta hlutfall t.a.m. rétt rúmlega helmingur. Aðeins voru þeir spurðir sem sögðust einhvern tíma hjóla.




**Mynd 11. Hjálmanotkun hjólreiðafólks**

Þegar spurt er um upplifun fólks í umferðinni er ljóst að sumar aðstæður valda fólki óöryggi umfram aðrar. Sérstaklega er áberandi hversu óöruggt fólk upplifir sig hjólandi á akbraut og að einhverju leyti gangandi yfir gangbraut.




**Mynd 12. Upplifun á öryggi í umferðinni**

Spurt er um hversu ásættanleg ákveðin hegðun þykir í umferðinni og er sú spurning um margt gagnleg. Er hún prýðilegur mælikvarði á umferðarmenninguna í landinu og gagnast þannig í baráttunni fyrir bættri hegðun og betri umferðarmenningu. Áberandi breytingar eiga sér stað milli ára og virðumst við nú talsvert umburðarlyndari fyrir slæmri hegðun ökumanna heldur en við vorum árið 2020




**Mynd 13. Umburðarlyndi gagnvart hegðun í umferðinni**

Nánar má lesa um niðurstöður könnunarinnar á vef Samgöngustofu.

## Umferðarkönnun

Auk netkönnunar fékk Samgöngustofa Landsbjörg með sér í lið til þess að framkvæma umferðarkönnun, en slík könnun fer fram við vegi landsins og er athugað með beltanotkun, ljósanotkun o.fl. Var þetta í þriðja skiptið sem þessi könnun var framkvæmd og er ætlunin að hún verði árleg og að framkvæmdin verði með samræmdum hætti, þ.e. á sama tíma á sama stað ár eftir ár. Þannig getum við metið hvort breytingar eigi sér stað með tímanum og hvort þróunin sé í rétta eða ranga átt.

Helstu niðurstöður um beltanotkun má finna í eftirfarandi töflu.

***Tafla 7. Helstu niðurstöður umferðarkönnunar***

| | Utanbæjar | Innanbæjar | Samtals |
|---|---|---|---|
| Beltanotkun | 96,0% | 91,2% | 93,2% |
| Farsímanotkun | | | 3,1% |
| Ljósanotkun | | | 90,4% |

Nánar má lesa um niðurstöður könnunarinnar á vef Samgöngustofu.

| | |
|---|---|
| ÁÆTLUN | 3.000.000,- |
| RAUN | 3.337.187,- |

### 6.2. Könnun á fræðsluefni til erlendra ferðamanna

Framkvæmdar hafa verið kannanir á fræðsluefni til ferðamanna síðustu ár en vegna færri ferðamanna vegna heimsfaraldurs covid-19 þótti ekki tilefni til þess að framkvæma slíka könnun í ár. Niðurstöður síðustu ára eru þó gagnlegar til að meta hversu vel okkur tekst að fræða ferðamenn um sérstöðu íslenskrar umferðar og íslenskra aðstæðna. Er þá átt við Samgöngustofu, Vegagerðina, SafeTravel, bílaleigur og alla aðra sem hafa hlutverk í að uppfræða erlenda ferðamenn um umferð og tryggja þar með öryggi þeirra í umferðinni.

| | |
|---|---|
| Áætlun | 1.300.000,- |
| Raun | 0,- |

## 7. Verkefni án sérstakrar fjárveitingar

### 7.1. Alþjóðlegt samstarf

Samgöngustofa, Vegagerðin og embætti ríkislögreglustjóra eiga hver um sig í umfangsmiklu samstarfi við sínar systurstofnanir og þá sérstaklega á Norðurlöndum.

Vegagerðin og Samgöngustofa taka virkan þátt í þeirri nefnd NVF sem fjallar um umferðaröryggi en NVF er norrænn samstarfsvettvangur á sviði vegamála. Vegna heimsfaraldursins covid-19 var starfsemin takmörkuð en nefndafyrirkomulag endurskoðað, m.a. með því að starfsmannabreytingar eru alltaf einhverjar. Haldnir voru nokkrir fræðslufundir á netinu þar sem skipst var á upplýsingum og nýjungum.

Vegagerðin tekur einnig virkan þátt í starfi vinnuhóps um umferðaröryggi sem starfar á vegum CEDR, en CEDR stendur fyrir Samtök vegamálastjóra í Evrópu. Helst er þar þessi misserin fjallað um tilskipun Evrópusambandsins, nr. 2019/1936/EB um umferðaröryggisstjórnun vegamannvirkja en jafnframt er fylgst með því sem efst er á baugi í umferðaröryggismálum í löndunum.

Samgöngustofa á fulltrúa í NTR sem er samnorrænt ráð sem fjallar um umferðaröryggi, þá aðallega með tilliti til fræðslu og herferða. Á þeim vettvangi eru verkefni og aðferðir bornar saman og reynum við að læra hvert af öðru. Sumar herferðir hafa verið teknar upp í heilu lagi frá einu landi til annars en aðrar hafa verið lagaðar að nýju landi eða einfaldlega nýttar sem innblástur í nýjar herferðir eða fræðsluverkefni. Vegna heimsfaraldurs covid-19 voru ekki fundir í NTR samstarfinu árið 2021.

Árið 2020 átti Samgöngustofa fulltrúa í sérfræðingahóp á vegum Evrópusambandsins sem kennir sig við CARE. CARE er samevrópskur umferðarslysagagnagrunnur og kom hópurinn upphaflega saman til þess að þróa þann gagnagrunn í sameiningu. Formlegri þróun á gagnagrunninum er nú lokið en að sjálfsögðu munu gögn verða send í grunninn áfram. Efst á baugi í þessum hóp núna, fyrir utan árlegar gagnaviðbætur í CARE grunninn, er skilgreining á hegðunarmælikvörðum (e. Key Performance Indicators) þar sem ætlunin er að mæla með sambærilegum hætti hvernig umferðarmenning er í hverju landi fyrir sig. Mæla þessir mælikvarðar bæði hegðun, s.s. hraðakstur, ölvunarakstur, farsímanotkun undir stýri, o.fl. en einnig innviði landanna, s.s. gæði vega, öryggi bifreiða o.fl. Á myndinni á næstu síðu má sjá tölfræði fengna úr CARE gagnagrunninum. Er um að ræða fjölda látinna á hverja 100.000 íbúa að meðaltali síðustu fimm ár. Er Ísland í 8. sæti yfir þau lönd þar sem best gengur.




**Mynd 14: Fjöldi látinna í umferðinni á hverja 100.000 íbúa í Evrópu 2017-2021. Fengið úr CARE gagnagrunninum.**

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

# Viðauki I. Sjálfvirkt umferðareftirlit

## Stafrænar hraðamyndavélar 2021

**Útg. ágúst 2022.**

## Helstu niðurstöður

- Á árinu 2021 skráðu stafrænar hraðamyndavélar samanlagt að meðaltali 111 brot á dag.

- 22 stafrænar hraðamyndavélar voru í notkun á landinu árið 2021. Þær eru staðsettar í Fáskrúðsfjarðargöngum, Hvalfjarðargöngum, Bolungarvíkurgöngum, Héðinsfjarðargöngum, við Fiskilæk í Hvalfjarðarsveit, við Hagamel á Vesturlandsvegi, við Árvelli á Kjalarnesi, á Suðurnesjum, á Suðurlandsvegi og svo eru einnig þrjár færanlegar vélar.

- Vélarnar skráðu 40.420 hraðakstursbrot árið 2021 sem er talsverð fjölgun frá árinu á undan.

- Flest brotin voru skráð á vélarnar á höfuðborgarsvæðinu eða 16.129 brot og næstflest voru tekin á vélar á Suðurlandsvegi, yfir 5.000 brot.

- Flest brot voru skráð á seinni hluta árs eða frá ágúst til nóvember. Fæst brot voru skráð í janúar.

- Sá ökumaður sem ók hraðast samkvæmt skráningu hraðamyndavéla var á 166 km/klst á Suðurlandsvegi.

- Rannsókn var hætt í um 24% brota árið 2021. Það er mun hærra hlutfall en árið á undan þegar það var 5% sem var óvenju lágt. Hlutfallið hefur verið á bilinu 26-38% frá árinu 2015.
  Í öðrum tilfellum fóru mál í ákærumeðferð eða var lokið með sektum. [2]

[2]Miðast niðurstöður við stöðuna þegar skýrslan er unnin, hlutfallið getur breyst lítillega þegar rannsóknum fleiri mála lýkur.

## Tilmæli og aðdragandi

Í samstarfssamningi um sjálfvirkt hraðaeftirlit sem ríkislögreglustjóri, Vegagerðin og Umferðarstofa gerðu með sér þann 1. febrúar 2007 var kveðið á um skyldu ríkislögreglustjóra til að taka saman upplýsingar um hvernig eftirlitinu skyldi háttað og umfang þess.
Innviðaráðuneytið, ríkislögreglustjóri, Samgöngustofa og Vegagerðin vinna að uppsetningu hraðamyndavélanna. Myndatakan er stafræn og eru upplýsingar um hraðabrot sendar samstundis til lögreglunnar. Hér verður fjallað um stafrænar hraðamyndavélar sem falla undir þetta samstarf.

Tölfræðiupplýsingar um fjölda brota á árinu 2021 voru teknar úr málaskrá lögreglunnar 4. ágúst 2022 af verkefnastjóra í afbrotatölfræði hjá ríkislögreglustjóra. Miðað er við brot sem áttu sér stað á tímabilinu 1. janúar 2021 til 31. desember 2021.

Í viðauka er fjallað um hvernig hraði ökutækjanna er mældur en allar tölur í skýrslunni miðast við mældan hraða en þá á eftir að reikna vikmörk.

## Hraðamyndavélar – staðsetning og notkun

Á árinu 2021 voru 22 stafrænar hraðamyndavélar í notkun. Fyrstu vélarnar voru teknar í notkun í júlí 2007 og höfðu því verið virkar í 15 ár. Virkar hraðamyndavélar voru staðsettar í umdæmi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu (færanlegar vélar og vélar á Kjalarnesi), á Vesturlandi (færanleg vél og vélar við Fiskilæk, í Hvalfjarðargöngum og við Hagamel). Á Suðurlandi á Suðurlandsvegi, á Suðurnesjum (Miðnesheiði og Grindavíkurvegi). Á Vestfjörðum (vélar í Bolungarvíkurgöngum), Norðurlandi eystra (vélar í Héðinsfjarðargöngum og við Hörgárbraut) og á Austurlandi (vélar í Fáskrúðsfjarðargöngum). Brotin eru skráð í málaskrá lögreglu hjá lögreglustjóranum á Snæfellsnesi samkvæmt ákvörðun ríkislögreglustjóra, fyrir utan vélarnar sem staðsettar eru á höfuðborgarsvæðinu, og eru þau brot skráð hjá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

## Fjöldi og dreifing brota yfir árið

- Skráð voru 40.420 brot árið 2021 sem eru töluvert fleiri brot en árið á undan en þó í takt við þróunina sem var árin fram að því (sjá töflu 1).

**Tafla 1.** Fjöldi brota sem skráð voru á stafrænar hraðamyndavélar, árin 2008 til 2021.

| Ár | Fjöldi brota | Fjöldi brota á dag | Fjöldi hraðamyndavéla |
|---|---|---|---|
| 2008 | 16.385 | 44 | 9 |
| 2009 | 23.134 | 63 | 10 |
| 2010 | 22.322 | 61 | 10 |
| 2011 | 13.238 | 36 | 15 |
| 2012 | 18.887 | 52 | 15 |
| 2013 | 13.028 | 36 | 15 |
| 2014 | 28.298 | 78 | 18 |
| 2015 | 33.812 | 93 | 18 |
| 2016 | 45.894 | 126 | 18 |
| 2017 | 42.969 | 118 | 17 |
| 2018 | 46.029 | 126 | 19 |
| 2019 | 39.469 | 108 | 19 |
| 2020 | 32.411 | 89 | 19 |
| 2021 | 40.420 | 111 | 22 |

Á mynd 1 sést dreifing brota á árunum 2019 til 2021 eftir mánuðum. Árið 2021 áttu fleiri brot sér stað heldur en árið á undan og er fjöldi brota aftur orðinn sambærilegur við árið 2019, en óvenju fá brot voru skráð árið 2020. Dreifing brota yfir mánuði er þó ólík 2021 og 2019 en fleiri brot áttu sér stað á síðari hluta árs 2021 heldur en 2019.




**Mynd 1.** Fjöldi hraðakstursbrota á stafrænar hraðamyndavélar 2019-2021, greint eftir mánuðum.

Á mynd 2 sést fjöldi skráðra hraðakstursbrota, greindur eftir vettvangi. Fjöldi brota er misjafn og ræðst það að mestu leyti af virkni véla og umferðarþunga. Eins og fyrri ár voru flest brot skráð á vélarnar á höfuðborgarsvæðinu, eða 19.001. Næstflest brot voru skráð á vélarnar á Suðurlandsvegi eða 5.358.  Engin brot voru skráð á Árvöllum á Kjalarnesi á árinu og voru færri brot skráð á færanlega vél á Vesturlandi en árið á undan. Á öðrum stöðum fjölgaði brotum milli ára, hlutfallslega mest fjölgun var í Fáskrúðsfjarðargöngum en mest fjölgun brota var á höfuðborgarsvæðinu og svo við Fiskilæk. Þá voru teknar í notkun vélar við Hörgárbraut sem ekki höfðu verið áður.




**Mynd 2**. Fjöldi hraðakstursbrota á stafrænar hraðamyndavélar árin 2019-2021, greint eftir vettvangi.

## Mældur hraði eftir vettvangi og skráðum hámarkshraða.

Á höfuðborgarsvæðinu voru tvær stafrænar hraðamyndavélar í notkun á árið 2021 eins og árin á undan. Fjöldi hraðakstursbrota úr vélunum árið 2021 var alls 19.001 brot.  Á mynd 3 má sjá fjölda brota eftir því hver hámarkshraði á vettvangi brotanna var, árin 2020-2021.




**Mynd 3.** Fjöldi hraðakstursbrota á hraðamyndavélar höfuðborgarsvæðisins eftir hámarkshraða á vettvangi brots, árin 2020-2021.

Myndavélar á höfuðborgarsvæðinu mældu flest hraðakstursbrot á svæðum þar sem hámarshraði var 60 km/klst, eða 10.694 brot. Þar af voru flest brot á Sæbraut og næstflest á Hringbraut og Breiðholtsbraut. Brot þar sem hámarkshraði er 80 km/klst voru alls 3.981. Þau áttu sér flest stað á Vesturlandsvegi í póstnúmeri 110. Þar sem hámarkshraði er 30 km/klst áttu flest brot sér stað í Skeiðarvogi.

**Fjöldi hraðabrota eftir vettvangi og hámarkshraða.**

Á landsvísu, þar sem hámarkshraðinn var 70 km/klst óku flestir brotlegir á milli 81-90 km/klst eða 52% allra. Flest þeirra brota þar sem mældur hraði var yfir 111 km/klst. áttu sér stað í Fáskrúðsfjarðargöngum en þar voru skráð 13 slík brot. Árið 2021 mældust um 0,4% á 111 km/klst eða meira en í fyrra var það 0,2%. Sjá tölur fyrir 2021 í töflu 2.

**Tafla 2.** Hlutfall hraðabrota eftir mældum hraða þar sem hámarkshraði er 70 km/klst.

| | **79 - 80 km/klst** | **81 - 90 km/klst** | **91 - 100 km/klst** | **101 - 110 km/klst** | **111 km/klst og hærra** |
|---|---|---|---|---|---|
| Höfuðborgarsvæðið (færanlegar vélar) | 30% | 61% | 9% | 0,3% | 0,0% |
| Bolungarvíkurgöng | 35% | 57% | 6% | 1,9% | 0,6% |
| Fáskrúðsfjarðargöng | 26% | 54% | 16% | 2,8% | 1,8% |
| Héðinsfjarðargöng | 33% | 56% | 9% | 2,3% | 0,7% |
| Hvalfjarðargöng | 48% | 49% | 3% | 0,5% | 0,1% |
| **Alls** | **41%** | **52%** | **6%** | **1,3%** | **0,4%** |

Þar sem hámarkshraðinn var 90 km/klst óku flestir brotlegir á milli 101-110 km/klst eða 53%. Þegar litið er til hópsins sem keyrði yfir 121 km/klst voru lang flest brot skráð á vélar á Suðurlandsvegi eða 76% slíkra brota. Skráð voru 84 brot þar sem hraðinn var 131 km/klst eða hærra, stærstur hluti (87%) þeirra á Suðurlandsvegi. Hæst hlutfall ökumanna sem teknir voru á hraðanum 96-100 km/klst var á Hagamel eða 48%. Sjá töflu 3.

**Tafla 3.** Hlutfall hraðabrota eftir mældum hraða þar sem hámarkshraði er 90 km/klst.

| | **96 - 100 km/klst** | **101 - 110 km/klst** | **111 - 120 km/klst** | **121 - 130 km/klst** | **131 km/klst og hærra** |
|---|---|---|---|---|---|
| Vesturland (færanleg vél) | 24% | 61% | 12% | 3,5% | 0,0% |
| Höfuðborgarsvæðið | 28% | 59% | 12% | 1,3% | 0,3% |
| Kjalarnes | - | - | - | - | - |
| Fiskilækur | 38% | 53% | 8% | 1,1% | 0,2% |
| Suðurlandsvegur | 31% | 53% | 11% | 3,2% | 1,3% |
| Suðurnes | 44% | 51% | 5% | 0,7% | 0,0% |
| Hagamelur | 48% | 47% | 4% | 0,4% | 0,3% |
| **Alls** | 35% | 53% | 10% | 2% | 1% |

**Mestur hraði eftir vettvangi**

Í töflu 4 má sjá hæsta mælda hraðann þar sem hámarkshraði var 70 km/klst og 90 km/klst.
Þegar á allt er litið má sjá að hæstur hraði mældist á Suðurlandsvegi eða 166 km/klst, þar sem hámarkshraði er 90 km/klst, næst hæstur hraði árið mældist við Hagamel á Vesturlandsvegi, eða 157 km/klst þar sem hámarkshraðinn er einnig 90 km/klst. Árið 2020 var hæstur hraði mældur á Suðurnesjum eða 164 km/klst.
Þar sem hámarkshraðinn er 70 km/klst mældist hæsti hraðinn í Hvalfjarðargöngum eða 139 km/klst.

**Tafla 4.** Hæsti mældi hraðinn þar sem hámarkshraði var annars vegar 70 km/klst og 90 km/klst hins vegar, eftir vettvangi, árið 2020.

| Staðsetning | Hámarkshraði 70 | Staðsetning | Hámarkshraði 90 |
|---|---|---|---|
| Hvalfjarðargöng | 139 | Suðurlandsvegur | 166 |
| Héðinsfjarðargöng | 136 | Hagamelur (Vesturlandsvegi) | 157 |
| Fáskrúðsfjarðargöng | 131 | Fiskilækur | 155 |
| Bolungarvíkurgöng | 119 | Höfuðborgarsvæðið | 145 |
| | | Suðurnes | 128 |
| | | Vesturland (færanleg vél) | 128 |

Þegar brot aðila sem teknir voru á 121 km/klst eða meira eru skoðuð sérstaklega, má sjá að brot á þessu hraðabili er svipað stór hluti af heildarfjölda brota á stafrænar myndavélar og árið á undan, eða 0,8% miðað við 0,7% árið 2020. Stærstur hluti brotanna átti sér stað á tímabilinu ágúst-október.

Stærstur hluti þessara brota árið 2021 átti sér stað á Suðurlandsvegi eða 77% allra sem mældust yfir 121 km/klst. Árið 2020 voru einnig flestir teknir á 121 km/klst eða meira á Suðurlandsvegi en þá voru það 45% allra.




**Mynd 4.** Dreifing brota þar sem hraði er 121 km/klst eða meira yfir árin 2019, 2020 og 2021.

Þegar brot aðila sem teknir voru á 121 km/klst eða meira eru skoðuð eftir tíma dags, má sjá að þau mælast á öllum tímum sólarhringsins en flest brotin áttu sér stað á milli 18:00-23:59 og 12:00-17:59 eða 30%. Fleiri brot áttu sér stað frá miðnætti til hádegis árið 2021 heldur en 2020 eða 40% miðað við 33%. Árið 2019 var hlutfallið svipað og 2021 eða 41%. Sjá mynd 5.




**Mynd 5.** Dreifing brota þar sem hraði er 121 km/klst eða meira eftir tíma dags árin 2019, 2020 og 2021.

**Ferill brota**

Þegar ferill þeirra brota, þar sem rannsókn var lokið við vinnslu þessarar skýrslu, er skoðaður má sjá að árið 2021 var „rannsókn hætt" í 24% tilvika[3] en í 5% tilvika 2020. Árin 2018 og 2019 var það 24-26%. Það þýðir töluverða fækkun á því að málum hafi lokið með sektum eða ákærumeðferð það sem af er ári 2021 miðað við árið á undan en þó sambærilegt við árin 2018-2019.

**Viðauki: Skýringar á hraðamælingum**

Ef mældur hraði er 100 km/klst. eða minni eru 3 km/klst. dregnir frá hraðanum og sektarfjárhæð miðuð við þá tölu sem eftir stendur. Þegar mældur hraði er 101 km/klst. eða meiri eru 3% af mældum hraða reiknuð út og ef niðurstaðan er ekki slétt tala er hún hækkuð upp í næstu heilu tölu fyrir ofan og sú tala dregin frá mældum hraða og sektin miðuð við það.
Dæmi: Ökutæki mælist á 106 km/klst. Reiknuð eru 3% af mældum hraða og niðurstaðan er 3,18. Þessi tala er þá hækkuð upp í næstu heilu tölu, sem er 4, og hún dregin frá mældum hraða og niðurstaðan, 102 km/klst., er hraðinn sem sektarfjárhæðin miðast við.

[3]Miðast niðurstöður við stöðuna þegar skýrslan er unnin, hlutfallið getur breyst lítillega þegar rannsóknum fleiri mála lýkur.

# Viðauki II. Lykilstærðir úr slysaskrá Samgöngustofu

2021

Samgöngustofa

**Tafla 1. Látnir og alvarlega slasaðir 1991-2021**

| Ár | Látnir | Alvarlega slasaðir | Látnir og alvarlega slasaðir |
|---|---|---|---|
| 1991 | 27 | 230 | 257 |
| 1992 | 21 | 228 | 249 |
| 1993 | 17 | 246 | 263 |
| 1994 | 12 | 242 | 254 |
| 1995 | 24 | 239 | 263 |
| 1996 | 10 | 229 | 239 |
| 1997 | 15 | 203 | 218 |
| 1998 | 27 | 229 | 256 |
| 1999 | 21 | 222 | 243 |
| 2000 | 32 | 169 | 201 |
| 2001 | 24 | 158 | 182 |
| 2002 | 29 | 164 | 193 |
| 2003 | 23 | 145 | 168 |
| 2004 | 23 | 115 | 138 |
| 2005 | 19 | 129 | 148 |
| 2006 | 31 | 153 | 184 |
| 2007 | 15 | 195 | 210 |
| 2008 | 12 | 200 | 212 |
| 2009 | 17 | 170 | 187 |
| 2010 | 8 | 204 | 212 |
| 2011 | 12 | 154 | 166 |
| 2012 | 9 | 136 | 145 |
| 2013 | 15 | 177 | 192 |
| 2014 | 4 | 177 | 181 |
| 2015 | 16 | 178 | 194 |
| 2016 | 18 | 215 | 233 |
| 2017 | 16 | 189 | 205 |
| 2018 | 18 | 183 | 201 |
| 2019 | 6 | 182 | 188 |
| 2020 | 8 | 149 | 157 |
| 2021 | 9 | 199 | 208 |

**Tafla 2. Fjöldi og hlutfall látinna eftir kyni**

| 2021 | Fjöldi látinna | Hlutfall |
|---|---|---|
| Karl | 7 | 77,8% |
| Kona | 2 | 22,2% |

**Tafla 3. Fjöldi og hlutfall látinna eftir aldri**

| 2021 | Fjöldi látinna | Hlutfall |
|---|---|---|
| 0-16 ára | 1 | 11,1% |
| 17-26 ára | 0 | 0% |
| 27-36 ára | 2 | 22,2% |
| 37-46 ára | 0 | 0% |
| 47-56 ára | 1 | 11,1% |
| 57-66 ára | 2 | 22,2% |
| 67 ára og eldri | 3 | 33,3% |

**Tafla 4. Fjöldi og hlutfall látinna eftir ársfjórðungi**

| 2021 | Fjöldi látinna | Hlutfall |
|---|---|---|
| janúar-mars | 4 | 44,4% |
| apríl-júní | 0 | 0% |
| júlí-september | 0 | 0% |
| október-desember | 5 | 55,6% |

**Tafla 5. Fjöldi og hlutfall látinna í dreifbýli/þéttbýli**

| 2021 | Fjöldi látinna | Hlutfall |
|---|---|---|
| Dreifbýli | 5 | 55,6% |
| Þéttbýli | 4 | 44,4% |

**Tafla 6. Vegfarendahópar látinna**

| 2021 | Fjöldi látinna | Hlutfall |
|---|---|---|
| Ökumaður fólksbifreiðar | 2 | 22,2% |
| Farþegi fólksbifreiðar | 3 | 33,3% |
| Á reiðhjóli | 1 | 11,1% |
| Á rafhlaupahjóli | 1 | 11,1% |
| Fótgangandi | 2 | 22,2% |

**Tafla 7. Tegund banaslysa**

| 2021 | Fjöldi látinna | Hlutfall |
|---|---|---|
| Útafakstur og bílveltur | 4 | 44,4% |
| Framanákeyrsla | 1 | 11,1% |
| Slys á óvörðum vegfaranda | 4 | 44,4% |

**Tafla 8. Fjöldi og hlutfall látinna eftir landsvæðum**

| 2021 | Fjöldi látinna | Hlutfall |
|---|---|---|
| Höfuðborgarsvæðið | 5 | 55,6% |
| Vestfirðir | 3 | 33,3% |
| Suðurland | 1 | 11,1% |

# Viðauki III. Eyðing svartbletta, lagfæringar á umhverfi vega og uppsetning vegriða

Uppgjör fyrir árið 2021

# Samtals

| Verkefni eftir landshlutum (búfjárgöng og einbreiðar brýr þ.m.t.) | Kostnaður árið 2021 |
|---|---|
| Suðursvæði | 214.945.130 kr. |
| Vestursvæði | 187.110.628 kr. |
| Norðursvæði | 138.427.561 kr. |
| Austursvæði | 93.900.385 kr. |
| **Samtals** | **634.383.704 kr.** |

# Suðursvæði:

| Veg-, kafla- og stöðvanúmer | Staður | Áætlaðar aðgerðir 2021 | Aðgerðir 2021 | Kostnaður í lok árs 2021 |
|---|---|---|---|---|
| 1-a6_8740 | Hringvegur við áningarstað í Eldhrauni. | Jafna og klæða við áningarstað | Lokið. Jafnað undir klæðingu og klætt við áningarstaðinn. | 1.337.272 kr. |
| 1-b2_6100 | Kötlugarður. | Bætur vegna efnistöku. | Efnisgreiðsla vegna framkvæmda árið á undan. | 438.093 kr. |
| 1-b4_1100 | Hringvegur vestan Víkur. | Bæta meira efni í fláa hægra megin vegar m.v. að ekið sé frá Vík. | Framkvæmt skv. áætlun. | Sjá neðar |
| 1-b4_7080 | Hringvegur í grennd við Skammadalshól. | Lengja þarf ræsi til vinstri og fylla vel yfir. | Framkvæmt skv. áætlun. | Sjá neðar |
| 1-b4_12120 | Hringvegur við Reynishverfisveg | Ljúka aðgerðum við vegamótin, þ.e. setja málaðar þverrendur á Reynishverfisveg við vegamótin og yfirfara staðsetningu skilta. Athuga jafnframt hvort upplýsingatafla og auglýsingaskilti við vegamótin, ætluð umferð sem kemur frá Hringvegi, skyggi á þverslár handan vegamóta, þannig að ökumenn sem koma eftir Reynishverfisvegi og ætla inn á Hringveg sjái vegamótin of seint. Rætt á fundi 13.01.2021 og þar kom fram að kostnaður mun falla á þjónustustöð. | Verki lauk 2021 við Dyrhólaeyjaveg. | Sjá neðar |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1-b4_4500 | Hringvegur við Reynishverfisveg, fleygur. | Gerð fleygs fyrir hægri beygju af Hringvegi til austurs inn á Reynishverfisveg til suðurs. Mikilvægt að gæta vel að sjónlengd. ATH ræsi í gegnum Reynishverfisveg. | Búið að keyra styrktarlag í fleyg. Reiknað með jöfnunarlagi og klæðingu 2022. | 10.927.488 kr. (4 verk á 1-b4) |
| 1-c2_2800 | Hringvegur við Sumarliðabæjaveg (281-01). | Þetta verkefni bættist við 2020. Einungis var unnið við undirbygginguna og klæðing því eftir. | Búið að jafna og klæða hjáreinina. | 1.286.936 kr. |
| 1_d2_6600 | Hringvegur við Þingborg. | Uppsetning hraðaviðvörunarskilta (Ath. með að setja nýja tegund sem safnar gögnum um umferðarhraða). Verkefnið var á forgangslista 2020 en frestaðist. | Framkvæmt skv. áætlun. | 1.023.251 kr. |
| 1_d4_700 | Hringvegur um Selfoss. | Svæði vill lýsa átta gangbrautir betur og setja þrengingar þannig að ekki sé hægt að fara fram úr. | Framkvæmt skv. áætlun. | 13.125.564 kr. |
| 1_d5_300 | Hringvegur út frá Ölfusárbrú. | Endurnýjun vegriðs meðfram vegi, ármegin. Ósk frá svæði á fundi 15.1.2021. | Framkvæmt skv. áætlun. | 12.278.090 kr. |
| 1_e2_1460 | Hringvegur við Heiðmerkurveg. | Bráðabirgðaaðgerðir til að auka öryggi á vegamótunum. Tillaga frá JHj. að fjarlægja tré sem skyggja á vegsýn. JBS mun hafa samband við aðila hjá Reykjavíkurborg sem sér um trjágróður í landareign borgarinnar. | Framkvæmt skv. áætlun. Unnið af Skógræktarfélagi Reykjavíkur. | 1.565.376 kr. |
| 1_f5_3800 | Hringvegur um Kollafjörð. | Umræður á fundi vegriðshóps 10. desember 2020. Að hluta til mjög gömul vegrið og of lág. Of lág í báðum köntum. Heildarkostnaður við endurnýjun um 35 milljónir. Stefnum að fyrsta áfanga í ár. | Endurnýjun ónýtra vegriða. Keypt allt efni og um 50 % sett upp. Verður klárað árið 2022. | 35.885.118 kr. |
| 30_04_11700 | Skeiða- og Hrunamannav. við Hrunaveg á Flúðum. | Lagfæring vegamóta um leið og Hrunavegur verður klæddur. | Breyting og stefnugreining gatnamóta Skeiða- og Hrunamannavegar (30-04/05) gagnvart Hrunavegi (343-01). | 10.520.000 kr. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 31_02 | Skálholtsvegur. | | Umferðarmerki voru keypt og sett upp. | 44.769 kr. |
| 33_01 | Gaulverjabæjarvegur. | | Undirbyggð var hjárein á gatnamótum Gaulverjabæjarvegar (33-01) og Votmúlavegar (310-01). | 4.690.807 kr. |
| 34_05_3800 | Eyrarbakkavegur út frá Óseyrarbrú. | Endurnýjun vegriðs vestan brúarinnar. Ath. einnig að lagfæra skörun bita þar sem hún er öfug. | Lokið. Var unnið samhliða vegriði við Ölfusárbrú. | 2.721.107 kr. |
| 38_02_4000 | Eyrarbakkavegur við Þorlákshafnarveg. | Ákveðið að stefnugreina vegamótin um leið og unnið verður að styrkingu. Fleira þarf að gera en þetta er fyrsti áfangi. | Framkvæmt skv. áætlun. | 23.595.277 kr. |
| 35_04 | Biskupstungnabraut. | | Keyrt í fláa við Brúará. Var unnið samhliða Reykjavegi. Úrgangsefni úr Reykjavegi var endurnýtt í fláa. | 2.177.361 kr. |
| 35_06 | Biskupstungnabraut. | | Fyllt í vegskurði við Vegatunguveg (3579-01) og nýr vegskurður settur fjær Biskups-tungnabraut. | 2.872.848 kr. |
| 35_08 | Biskupstungnabraut. | Gerð reiðganga. Efni í ræsið var keypt árið 2020 en eftir er að gera göngin. Um er að ræða hluta af útboðsverki Skeiða- og Hrunamannavegar. | Reiðræsi við Skeiða- og Hrunamannaveg. Var unnið samhliða framkvæmdum við Skeiða- og Hrunamannaveg. | 10.520.000 kr. |
| 36_06 | Þingvallav. frá trjálundi Vigdísar að Grafningsvegi. | Lagfæringar á umhverfi vegar. Þarna hafa lagfæringar verið undirbúnar. Til er hönnun fyrir mold í fláa en vegrið þarf á einum stað. | Framkvæmt skv. áætlun. | Sjá neðar |
| 36_07 | Þingvallavegur milli Grafningsvegar efri og Kjósarskarðsvegar, 2. áfangi. | Framhald lagfæringa á öryggissvæði. Haldið verður áfram að keyra efni í fláa í febrúar og mars 2021 og fláar verða síðan jafnaðir út í sumar. Fjárheimild hefur þegar verið veitt, sbr. póst frá ÓÖJ 21.01.2021 (í kjölfar tp. frá EFJ). | Framkvæmt skv. áætlun. | 28.012.325 kr. (2 verk á 36-07) |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 36_11_7900 | Þingvallavegur við Seljabrekku. | Verkefnið var á lista 2020. Þá var rætt um "skertan kíl" með klæðingu. Slæmar aðstæður. Spurning hvort þarna mætti huga að samsíða hægri beygjurein (í stað kíls) þótt almennt viljum við það ekki. Þarna eru aðstæður aðrar. Ákveðið að setja í hönnun. JBS ræðir við BGr. | Búið að keyra styrktarlag í fleyg. Reiknað með jöfnunarlagi og klæðingu sumarið 2022. | 598.457 kr. |
| 37_03_1000 | Laugarvatnsv. milli Laugarvatns og Hjálmsstaða. | Nokkur óvarin ræsi sem þarf að lengja. Á fundi 15. janúar 2021 var rætt um þrjú óvarin ræsi á kaflanum en tvö bættust við þegar EFJ skoðaði aðstæður 18.02.2021. EFJ skrifaði minnisblað, sjá tp. frá EFJ 19.2.2021. | Lokið. Framkvæmt skv. áætlun. | 11.033.506 kr. |
| 42_01 | Krýsuvíkurvegur að Vatnsskarðsnámu. | | Kostnaður vegna verks fyrra árs. | 8.284 kr. |
| 47_02 | Hvalfjarðarvegur. | Framhald aðgerða í kjölfar umferðaröryggis-úttektar. Fjárheimild hefur þegar verið veitt, sbr. póst frá ÓÖJ 21.01.2021 (í tp. frá EFJ.). JBS: Um 6 ræsi á kaflanum (tvö stór) sem eftir er að lengja og aðeins eftir að bæta í öxlina. JBS nefndi einnig trjágróður. ÓÖJ búinn að veita 6,0 millj. kr. en þurfum að hækka í 12,0. | Ekið með efni í vegfláa á Hvalfjarðavegi á móts við bæinn Eyri, og þá voru nokkur ræsi lengd. | 12.162.461 kr. |
| 261_02_180 | Fljótshlíðarvegur Hvolsvelli. | Á fundi 10. mars 2021 var ákveðið að setja upphleypta gangbraut með lýsingu. Svipuð lausn og í Laugarási. Staðsetning í samráði við sveitarfélag. | Framkvæmt skv. áætlun. | 4.896.302 kr. |
| 261_02_9000 | Fljótshlíðarvegur við Lambalækjarveg. | Tp. frá SGB 21. janúar 2021. Úr fundargerð eftir fund með Rangárþingi eystra: "Færsla á Lambalækjarvegi við Fljótshlíðarveg er komin á skipulag og væri æskilegt að framkvæma sem fyrst. Er fyrst og fremst umferðaröryggismál." | Framkvæmt skv. áætlun. | 6.854.946 kr. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 424_01 | Keflavíkurvegur. | | Sett var upp lýsing við gangbrautir Keflavíkurvegar í Reykjanesbæ. | 4.306.162 kr. |
| 427-04 | Suðurstrandavegur, við gosstöðvar. | | Sett upp lýsing við plan nálægt gosstöðum í Geldingadal. | 776.993 kr. |
| | Þjónustustöð Vík (231). | Lagfæring á umhverfi vega, ýmsir staðir. | Vatnsdalsvegur í Fljótshlíð færður á um 100 m kafla þar sem gil var alveg við veginn. | 1.987.062 kr. |
| | Þjónustustöð Selfossi (232). | Lagfæring á umhverfi vega, ýmsir staðir. | Settir upp 12 ljósastaurar á Selfossi. | 2.826.459 kr. |
| | Þjónustustöð Hafnarfirði (341). | Lagfæring á umhverfi vega, ýmsir staðir. | Jafnaðir vegfláar í Hvalfirði. | 151.646 kr. |
| 05/10/20 | Hönnun og umsjón. | Kostnaður vegna hönnunar, umsjónar og eftirlits með framkvæmdum. | | 6.321.170 kr. |
| | | | | |
| | | | **Suðursvæði - Umferðaröryggisaðgerðir 2021:** | **214.945.130 kr.** |

# Vestursvæði:

| Veg- og kafla-númer | Staður | Áætlaðar aðgerðir 2021 | Aðgerðir 2021 | Kostnaður í lok árs 2021 |
|---|---|---|---|---|
| 1-g1 | Hringvegur austan Akrafjalls. | Lagfæring öryggissvæðis, 4. áfangi. Halda áfram lagfæringum skv. umferðaröryggisúttekt. | Unnið var við fyllingu vegfláa milli Grundartangagatnamóta að vegamótum við Urriðaá. Keyrt var um 4500 $m^3$ af fláaefni í vegkantinn milli stöðva 8500 til 9000. | 9.767.648 kr. |
| 1-g1 | Hringvegur við fimm tengingar milli Hringtorgs norðan Hvalfjarðarganga og vegamóta við Grundartanga. | Gerð hjáreina við fimm tengingar, m.a. við Galtarvík. | Unnið var við gerð fimm framhjáhlaupa við héraðsvegina að Galtalæk, Galtavík, Gröf, Kúludalsá og Lambalæk á vegi 1-g1 undir Akrafjalli. - Verki lokið. | 26.618.000 kr. |
| 1-g3 | Hringvegur við Narfastaði. | Ósk um hjárein. Þetta verkefni var á lista svæðis sem lagður var fram á fundi 18. janúar 2021. Næst ekki í ár. Undirbúa en stefna að framkvæmd 2022. | Unnið var við gerð framhjáhlaups við héraðsvegina við Narfastaði og Hafna (Höfn, Höfn 1 og Nýhöfn). Stefnt á malbikun framhjáhlaupa 2022. | 7.503.326 kr. |
| 1-g9 | Hringvegur við tengingu að sumarhúsum við Jötnagarðsás og Berjaás. | Þetta verkefni var á lista svæðis sem lagður var fram á fundi 18. janúar 2021. Næst ekki í ár. Skoða aðstæður á þessum stað í ár. | Sett var framhjáhlaup við tengingu við Laxholtsveg í st. 3024 ásamt aðrein að sumarhúsahverfi í st. 4260 ásamt því að loka skurði frá st. 4260-4500. Sett var framhjáhlaup við st. 1900 og 2684 að við tengingu að sumarhúsabyggð í tengingu í st. 2684 voru gatnamótin einnig löguð. - Verki lokið. | 20.000.000 kr. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1-g9 | Hringvegur við Galtarholt. | Kafli frá stöð 2600-3800 slær út í slysagreiningu. Ýmsar tegundir slysa en útafakstur er algengastur. Tvö útafakstursslysanna urðu í hálku. Huga sérstaklega að niðurstöðum umferðaröryggisúttektar á þessum kafla. | Unnið var frá st. 1800-2650 í að loka skurði beggja vegna við veginn ásamt því að laga fláa. Fleyguð var klöpp í st. 2392 og 2767 til þess að laga vegsýn og var efnið notað í lokun skurða. Smá frágangur á fláa er eftir vegna vætutíðar þegar verið var að vinna verkið. | 29.501.831 kr. |
| 51-02 | Akrafjallsvegur milli Akranesvegar og Hringvegar. | Halda þarf áfram lagfæringum á umhverfi vegar sem hófust 2020 og fólust í færslu skurða og lengingu ræsa. Sérstaklega er bent á samantektarskýrslu um umferðaröryggisúttekt á kaflanum þar sem sérstaklega slæmir staðir eru nefndir. Sjá má á slysakorti að undanfarin ár hafa orðið mörg slys á milli Bekansstaða og Hringvegar. Í samantektarskýrslunni eru 16 af 26 stöðum á þeim kafla. | Unnið var við færslu vegskurða fjær vegi milli stöðva 2880 og 6020. | 8.235.678 kr. |
| 54-02 | Snæfellsnesvegur á kafla sunnan Urriðaár. Frá stöð 7400-8000. | Þessi undirkafli slær út í slysagreiningu sem hugsanlegur slysastaður. Við nánari skoðun kom í ljós að nokkur tilvikanna voru alveg óháð vegi. Þó eru vísbendingar um að vegurinn þyki mjór á þessum stað. Er hann óvenjumjór? Svæði kannar málið. | Kaup á ræsaefni undir reiðveg við Tunguá. | 217.719 kr. |
| 54-12 | Snæfellsnesvegur sunnar Láróss, milli stöðva 178 og 4280. | Halda þarf áfram lagfæringum á umhverfi vegar á þessum kafla og styðjast við niðurstöður umferðaröryggisúttektar í því sambandi. Byrja á forgangsaðgerðum (skv. úttektarskýrslu). Ath. Jafnframt uppsetningu á skilti sem varar við vindi. Svæðið hefur samband við þjónustusvið varðandi veðurstöð á þessum stað. Skv. framkvæmdaskýrslu 2020 voru keypt ræsi það ár. | Ræsi voru lengd í st. 203, 8045, 1.448 og 2.792. Flái var lagfærður á þremur stöðum milli st. 190-210 og 840-1.500 og 2.750-2.850. Einnig var skurð lokað á milli st. 840-1.500. | 14.260.977 kr. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 54-20/55-02 | Snæfellsnesvegur við Heydalsveg. | Bæta merkingar á vegamótum Snæfellsnesvegar og Heydalsvegar. Setja þverslá ofan á vegvísa, færa biðskyldumerki á Snæfellnesvegi, kafla 54-20, nær vegamótunum og setja yfirborðsmerkingar, þverrendur, á Snæfellsnes-veg. | Merkingar voru bættar á gatnamótunum með nýjum skiltum. Merkingar endurstaðsettar en eftir er að setja upp þverslár þar sem þær voru ekki til en búið að gera tilbúið fyrir uppsetningu þeirra. | 375.430 kr. |
| 55-02 | Heydalsvegur norðan Oddastaðavatns. | Undirkaflinn frá 55-02_3100-3400 slær út í slysagreiningu fyrir malarvegi. Á fundi 18. janúar 2021 var rætt að þarna spilaði slæm hæðarlega inn í. Ökumenn á bílaleigubílum áberandi. Er hægt að vara betur við með merkingum? | Bætt við merkingum við gatnamót Heydalsvegar og Snæfellsnesvegar. Einnig var bætt við merkingum við sömu gatnamót við Bíldhól. Verk framkvæmt af þjónustu-stöð. | 695.112 kr. |
| 60-09 | Vestfjarðavegur um Svínadal. | Uppsetning vegriða. Fyrsti áfangi. Verkefnið var á forgangslista 2020 en frestaðist vegna þess að ekki fengust verktakar. Staðsetningar eru til. Ath. um leið ábendingu á lista sem svæði lagði fram 18 jan. 2021 um ræsi við Brekkuá í Saurbæ. | Uppsetning á vegriði. Búið var kaupa efnið áður og var geymt í Búðardal. Afgangs fjárveiting færð á 1-g9. | 1.383.237 kr. |
| 61-31---61-21/61-34 | Djúpvegur í Skötufirði. Stöðvanúmer: 4.240-5.200, 7.800-9.100. | Uppsetning vegriða frh. Verkefni á lista frá svæði 18. janúar 2021. Ath. umræður um að snjóflóð eyðileggi vegrið. Ath. lista eftir ferð KK og AÞÁ 2013. Halda áfram að setja upp vegrið á þá staði sem settir hafa verið í fyrsta forgang. | Stikur voru fjarlægðar og vegöxl löguð fyrir vegrið, verktaki byrjaði á niðursetningu vegriða en varð að frá hverfa vegna veðurs og náðist ekki að klára framkvæmd, stikur voru settar aftur niður uppá öryggi vegfarenda. Átti að setja niður víravegrið á tveimur köflum. Búið að kaupa efnið og koma því að staðinn, taka niður stikur, en vegna þess að það var komið mikið frost í jörðu varð að stoppa í verkinu og verður klárað 2022. | 14.733.589 kr. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 61-33/4 | Djúpvegur í Hestfirði. | Árið 2020 var unnið að endurmótun skeringar frá stöð 11.900 til stöðvar 12.400. Halda áfram út með firðinum. | Í fláanum var mikið af aur og grjóti sem var að renna fram og út á veg og loka rásinni. Rásin breikkuð og fláinn hækkaður og búinn til stallur til að taka við vatni og verja fláann. | 10.879.892 kr. |
| 64-01 | Flateyrarvegur við innkomu í bæinn. | Ósk um hraðaviðvörunarljós. | Sett upp hraðavaraskilti við aðkomuna inn i bæinn. - Verki lokið. | 1.625.911 kr. |
| 503-01 | Innnesvegur sunnan Leynisbrautar. | Hraðahindrandi aðgerðir. Ákveðið á fundi BRÁ, EFJ og AÞÁ 25.1.2021 að leggja til: 1) Bætt lýsing og uppsetning merkis um gangandi fólk 2) Uppsetning hraðaviðvörunarljóss sem unnt er að nálgast gögn úr 3) Athuga með að setja upphækkaða þverun í sumar, eins og t.d. þá sem var sett á Flúðum og í Laugarási á Suðursvæði. Þarna er leyfilegur hámarkshraði 50 km/klst. | Sett upp hraðavaraskilti við aðkomuna inn i bæinn. - Verki lokið. | 2.172.654 kr. |
| 574-08 | Útnesvegur vestan Ólafsvíkur. | Tilraun með nýja hraðahindrandi aðgerð, "actibump". Stefnt að framkvæmd 2021. KaH og BRÁ vinna að málinu. Sveitarfélag og yfirstjórn Vg. hafa samþykkt. Hluti af verkefninu felst í að breyta kantsteinum og miðeyjum. | Sett var upp Actibump kerfi sem er ný tegund að hraðahindrunum. Sett var niður hraðahindrunarkefi og sett var upp hraða-skynjarar og miðeyjur. - Verki lokið, en eftir er að greiða fyrir hluta búnaðarins. | 16.862.164 kr. |
| 622-01 | Þingeyrarvegur við innkomu í bæinn. | Ósk frá sveitarfélagi um hraðaviðvörunarljós við innkomu í bæinn. Ath. nákvæma staðsetningu. | Hraðavaraskilti uppsett og tengt - Verki lokið. | 1.870.089 kr. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Þjónustustöð Borgarnesi. | | Sagað töluvert af trjágróðri í vegköntum. Aðallega á Hringvegi og Skorradalsvegi 508-03. | 1.962.324 kr. |
| | Þjónustustöð Ólafsvík. | | Meirihluti fjárveitingar nýttur í framkvæmd á vegi 54-12. | 124.883 kr. |
| | Þjónustustöð Búðardal. | | Bætt við merkingum víðsvegar við veg nr. 60. T.d gangandi umferð, börn á leik ofl. Hreinsun vegrása ofl. | 1.529.642 kr. |
| | Þjónustustöð Patreksfirði. | | Staksteinahreinsun, merkingar við gang-brautir og aðrar merkingar. | 1.553.507 kr. |
| | Þjónustustöð Ísafirði. | | Hreinsaðir voru staksteinar úr vegrásum við Djúpveg á vegköflum 61-26 Eyrahlíð, 61-29 utan við Látra í Mjóafirði, 61-31 við Laugavík í Skötufirði og 61-33 í Austanverðum Hestfirði. | 995.910 kr. |
| | Þjónustustöð Hólmavík. | | Lýsing: Mokað úr skriðu og grafin rás á Strandavegi 643-06 milli stöðva 5760-5820. | 707.556 kr. |
| | Hönnun og umsjón. | Kostnaður vegna hönnunar, umsjónar og eftirlits með framkvæmdum. | | 15.087.056 kr. |
| | | | | |
| | | | **Vestursvæði - Umferðaröryggisaðgerðir 2021:** | **187.110.628 kr.** |

# Norðursvæði:

| Veg- og kafla-númer | Staður | Áætlaðar aðgerðir 2021 | Aðgerðir 2021 | Kostnaður í lok árs 2021 |
|---|---|---|---|---|
| 1-J2 | Hringvegur, vegamót Hrútatunguvegar. | | Restar frá framkvæmdum 2020 | 2.119 kr. |
| 1-k2 | Hringvegur í Hrútafirði. | III áfangi lagfæringa öryggissvæðis skv. umferðaröryggisúttekt. Mælingar eru til. Víða slæm gil. Lenging ræsa og lagfæring fláa ofan vegar og vegrið neðan vegar. Skv. upplýsingum sem fram komu á fundi 27. janúar 2021 var heilmikið gert 2020 en nóg eftir. | Víravegrið sett upp á eftirtöldum köflum: milli stöðva 3187 og 3379 vinstra megin, lengd 192 m, milli stöðva 3187 og 3335 hægra megin, lengd 132 m, milli stöðva 3482 og 3612 vinstra megin, lengd 114 m, milli stöðva 3862og 4058 vinstra megin, lengd 180 m og milli stöðva 3862 og 4070 hægra megin, lengd 192 m. Samtals lengd á vegriðum 810 m. Efni keyrt í fláa utan vegriða og þeir gerðir með halla 1:3 frá st. 2728 sem er sunnan Hvalshöfða að stöð 4145. Ræsi lengt hægra megin í stöð 3550. | 26.999.421 kr. |
| 1-k2 | | | Stefnuörvar settar upp í krappa beygju á Hringvegi við Neðra-Vatnshorn. Kvartanir höfðu komið vegna þessarar beygju. | 881.570 kr. |
| 1-k8 | Hringvegur við Litlu-Giljá. | Árið 2020 voru fláar vegar norðan við brúna við Stóru-Gilá mýktir og vegrið lengt hægra megin vegar. Hins vegar getur skapast mjög mikil hætta þar sem ökumenn á norðurleið geta ekið út úr beygju og til vinstri yfir og fram af tengingu að Litlu-Gilá. Stefnt að því að mýkja fláa á | Efni keyrt í fláa á heimreiðinni að Litlu-Gilá og hann gerður með halla 1:3. Eftir er að ganga betur frá vegriðunum. | 5.718.144 kr. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | heimreið að Litlu-Giljá en ljóst er að mikið af efni þarf. | | |
| 1-m2_1-m5 | Hringvegur um Langadal og Vatnsskarð, frh. | Halda áfram lagfæringum skv. úttektarskýrslu. Lagfæring fláa og uppsetning vegriða. 2021: Er búið að setja gátskildi við vegriðsenda? Ath. kafli 1-m3 10600_11000 sérstaklega nefndur. Þarna er Svartá mjög nálægt vegi. | Víravegrið sett upp á kafla 1-m3, milli stöðva 10522-11289 í vinstri kanti, lengd 535 m og milli stöðva 10787 og 10795 í hægri kanti, lengd 231 m. Lengd samtals 766 m. | 8.020.940 kr. |
| 1-m6/75-02 | Hringvegur um þéttbýli Varmahlíðar, strax eftir innkomu úr suðri (við færðarskilti). | Uppsetning hraðaviðvörunarskiltis sem búið er að kaupa og svo er eitt umframskilti sem keypt var en staðsetning á því liggur ekki fyrir. Uppsetningarkostnaður þess settur hér með. | Hraðavaraskilti uppsett og virkar á Sauðárkróksbraut. Skilti á Hringvegi sunnan Varmahlíðar er uppsett en eftir er að tengja við rafmagn. | 875.930 kr. |
| 1-m8 | Hringvegur í grennd við Miðhús og Höskuldsstaði, frh. | Á fundi 27. janúar 2021 kom fram að samningum við landeigendur væri ekki lokið en þarna hefur staðið til að lagfæra umhverfi vegar í kjölfar umferðaröryggis-úttektar m.a. með því að fylla í skurði sem eru sumir sérstaklega djúpir og vatnsstaða í þeim há. Vinna skv. áætlun 2020. | Við stöð 1825 var um 10 m langur skurður á milli núverandi vegar og eldri vegar. Skurðurinn var djúpur og fullur af vatni. Ræsi var sett í skurðinn og mokað yfir. Til stóð að setja dren í skurð meðfram vegi en ekki náðist samkomulag við landeigendur um útfærslu. | 3.099.574 kr. |
| 1-n1/1-p1 | Hringvegur um Öxnadalsheiði. | Hluti kaflans slær út í slysagreiningu 1-n1_9000-1-p1_1600. Alls 23 tilvik á þessum 3230 m kafla, þar af 8 tilvik þar sem ekið er á dýr. Slysin eru ekki eingöngu þarna. M.a. þyrfti að skoða vegriðsþörf að stöð ca. 1-p1_3500 þar sem vegriðið í Bakkasels-brekku byrjar. Þegar kaflinn frá 1-n1_9000-1-p1_3600 (5,23 km langur kafli) er skoðaður, kemur í ljós að alls urðu 35 slys á kaflanum, þar af urðu 14 (40%) með meiðslum eða bana. Af tilvikunum 35 urðu 20 (57%) við útafakstur. Alls urðu 14 tilvik | Bætt inn í gamalt bitavegrið á nokkrum stöðum, samtals 560 m í hægri kant frá stöð 5088 til 7382 þannig að vegriðið er nú samfellt á þessum kafla. Í vinstri kanti var vegrið við Reiðgil lengt í báðar áttir, samtals 76 m. Auk þess voru settir upp ABC öryggisendar á alla vegriðsenda, samtals 5 stk.. Auk þess var víravegrið sett upp á milli stöðva 7370-8151 í vinstri kanti og milli stöðva 8374-8648 í hægri kanti. Lengd samtals 1017 m. | 22.118.091 kr. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | af 35 (40%) í hálku eða ísingu. 22.03.2021: Í sumar verður byrjað að lengja vegrið. | | |
| 1-p6 | Hringvegur norðan við afleggjara að leikskóla við Lónsbakka. | Uppsetning hraðaviðvörunarskiltis sem búið er að kaupa. | Hraðavaraskilti uppsett og tengt en Rarik á eftir að setja upp mæli til að virkja skiltið. | 620.114 kr. |
| 1-p7 | Hringvegur um Akureyri. | Hraða- og rauðljósamyndavél til notkunar við gatnamót á Akureyri. Búið að setja upp kassa og staura. Vél kom til landsins 11. mars 2021 og mun verða sett upp í apríl. Fjárveiting ætluð til að greiða fyrir tengivinnu og fleira sem tengist uppsetningu vélarinnar. 22.03.2021: MSÞ óskar eftir að fá þriðja kassann. AÞÁ hefur bent MSÞ á að óska eftir að Akureyrarbær fjármagni þriðja kassa á staur. | Lokið við uppsetningu á hraða-myndavél. | 2.040.313 kr. |
| 1-q9 | Hringvegur við Másvatn. | Uppsetning vegriðs (fláavegriðs?) þar sem vatn er við veg. Vegrið vatnsmegin og báðum megin við ræsi í stöð 3300. | Víravegrið af sett upp á eftirtöldum stöðum: í vinstri kanti á milli stöðva 3195-3682, lengd 471 m. Í vinstri kanti milli stöðva 5403-6052, lengd 630 m. Í vinstri kant milli stöðva 12228-12508, lengd 264 m. Samtals lengd 1365 m. Eftir er að lengja ræsi hægra megin við stöð 3270 og lagfæra fláa næst ræsinu. | 14.107.090 kr. |
| 1-r1 | Hringvegur um þéttbýli Reykjahlíðar, við innkomu úr norðri. | Uppsetning hraðaviðvörunarskiltis sem búið er að kaupa. | Hraðavaraskilti sett upp við Reynihlíð og er verkinu að fullu lokið. | 1.393.019 kr. |
| 72-02 | Hvammstangavegur um þéttbýli Hvammstanga, við innkomu úr suðri. | Uppsetning hraðaviðvörunarskiltis sem búið er að kaupa. | Uppsetningu lokið. | 290.002 kr. |
| 75-02 | Hringvegur við Varmahlíð. | Uppsetning hraðaviðvörunarskiltis sem búið er að kaupa. | Eftir að ganga frá uppsetningu. | 295.653 kr. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 82-01 og 82-02 | Ólafsfjarðarvegur milli Hringvegar og Hauganesvegar. | Fyrsti áfangi öryggisaðgerða í kjölfar úttektarskýrslu. Algjört forgangsverkefni. Mjög mikilvægt, sbr. ábendingar frá Rannsóknarnefnd samgönguslysa. Verkefni munu fyrst og fremst felast í mýkingu á fláa og lagfæringu kverka. Árið 2020 var keypt efni. | Keyrt í fláa frá stöð 100 að stöð 600. Skipt um ræsi á Reistará og gengið frá fláum og tengingum í kringum ræsið. | 18.475.902 kr. |
| 83-05 | Grenivíkurvegur um þéttbýli Grenivíkur, við innkomu úr norðri, við skóla. | Uppsetning hraðaviðvörunarskiltis sem búið er að kaupa. | Uppsetningu lokið en eftir er að tengja það. | 1.309.356 kr. |
| 85-26 | Hraðaskilti við Þórshöfn. | | Hraðavaraskilti við Þórshöfn, efni og uppsetning, tenging eftir. | 1.514.673 kr. |
| 711-00 | Vatnsnesvegur um þéttbýli Hvammstanga, við innkomu úr norðri. | Uppsetning hraðaviðvörunarskiltis sem búið er að kaupa. | | 382.036 kr. |
| 722-01T | | | Merki við brú. | 12.498 kr. |
| 821-02 | | | Kostnaður við öryggisrýni annars verks. | 63.436 kr. |
| 853-01 | Hvammavegur, Þingeyjarsveit. | Ósk um vegrið í krappri beygju, í grennd við stöð 7000, oft er mikil hálka í beygjunni. Á fundi 22. mars 2021 var ákveðið að setja vegrið upp í ár. | Bitavegrið sett upp í beygju milli stöðva 6759-7064, lengd alls 300 m. Stefnuörvar eru í beygjunni. | 3.611.697 kr. |
| 856-01 | Laxárdalsvegur við Laxárgljúfur. | Mjög bratt og hátt niður í gljúfrin. (Skólabíll?) Á fundi 22. mars 2021 var ákveðið að setja vegrið upp í ár. | Víravegrið sett upp á þremur stöðum: milli stöðva 1365-1710, lengd 330 m. Milli stöðva 2363-2661, lengd 261 m og milli stöðva 3380-3561, lengd 168 m. Lengd alls 759 m. | 8.686.479 kr. |
| 869-02 | Þórshafnarvegur um þéttbýli Þórshafnar, við innkomu úr suðri. | Uppsetning hraðaviðvörunarskiltis sem búið er að kaupa. | Hraðavaraskilti sett upp. | 863.037 kr. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 874-03/870-05 | Raufarhafnarvegur/Sléttuvegur við Raufarhöfn. | Útfærsla vegamóta. Sveitarfélag er tilbúið. | Verkinu lokið nema eftir er að þökuleggja en engar þökur fengust til verksins. | 2.008.327 kr. |
| 471 | Þjónustustöð Hvammstanga. | | Á Hringvegi á Hrútafjarðarhálsi var fyllt í djúpa skurði sem lágu þvert á veg við ræsi. | 2.159.567 kr. |
| 472 | Þjónustustöð Sauðárkróki. | | Á kafla 1-m3 í Langadal milli stöðva 3080-3320 var fyllt yfir affallsskurð nálægt vegi og nýr skurður grafinn 20 m frá vegi. | 1.180.659 kr. |
| 581 | Þjónustustöð Akureyri. | | Vegkantar lagaðir á 821-03 norðan Espihóls og ræsi lengt. | 2.599.125 kr. |
| 582 | Þjónustustöð Húsavík. | | Tré og runnar hreinsaðir úr fláum á Norðausturvegi, 85-03 í Aðaldals-hrauni. | 1.696.752 kr. |
| | Hönnun og umsjón/eftirlit. | Kostnaður vegna hönnunar, umsjónar og eftirlits með framkvæmdum. | | 7.402.037 kr. |
| | | | | |
| | | | **Norðursvæði - Umferðaröryggisaðg. 2021:** | **138.427.561 kr.** |

# Austursvæði:

| Veg- og kafla-númer | Staður | Áætlaðar aðgerðir 2021 | Aðgerðir 2021 | Kostnaður í lok árs 2021 |
|---|---|---|---|---|
| 1-s8 | Hringvegur, eyrar innan við Hjarðarhaga. | Vegrið endurnýjuð og bætt í lengd. | Tekið niður bitavegrið og sett upp 184 m víravegrið um st. 6250. | 2.365.197 kr. |
| 1-s9 | Hringvegur, við Illagil. | Vegrið endurnýjuð og bætt í lengd. | Tekið niður bitavegrið og sett upp 140 m víravegrið um st. 8760. | 1.779.241 kr. |
| 1-t1 | Hringvegur, við Skóghlíð. | Fyrirhugað vigtunarplan. | Keypt efni í kindaræsi 30 m, D=200 sem fyrirhugað er að setja sem búfjárræsi undir Hringveg við Skóghlíð v. fyrirhugaðs eftirlitsplans st. 700 | 2.353.158 kr. |
| 1-t5 | Hringvegur / Mjóafjarðarvegur. | A07.32 og A07.31 Hættuleg vegamót til vinstri/hægri þar sem umferð á vegi hefur forgang. Framúrakstursbann, bæði með yfirborðsmerkingum og skiltum kom til tals. Svæði fær álit hjá Rúnu/Ásbirni Ól. | Ekki reyndist hægt að fá verktaka í verkefnið lagfæring á vegsvæði á heppilegum tíma. Keypt merki til að bæta merkingar á Hringvegi og Mjóafjarðarvegi (953), vara við hættulegum vegamótum, verða sett upp 2022, Keyptir ABC endar (4) til að setja við Köldukvísl, eftir að setja upp og lengja vegrið skv. kröfum. | 2.961.099 kr. |
| 1-t7 | Hringvegur / Norðfjarðarvegur. | Ljúka við að bæta merkingar á vegamótunum skv. áætlun 2019. Búið er að setja þverslá ofan á vegvísa. Stikur voru þéttar og búið er að stækka skilti og buldurspelir hafa verið málaðir. Fjárveiting ætluð til að bræða bulduspeli. | Sett upp merki við vegamót skv. "Teikningu um bættar merkingar við vegamót". Eftir að merkja þverrendur. | 496.744 kr. |
| 1-u3 | Hringvegur / Vattarnesvegur. | Merkja vegamótin í samræmi við nýja teikningu sem gengið var frá sumarið 2020. Búið að setja þverslár ofan á vegvísa en vantar stefnuörvamerkingu sbr. vegamótin | Sett upp merki við vegamót skv. "Teikningu um bættar merkingar við vegamót". Eftir að merkja þverrendur. | 503.632 kr. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | við Hafnarveg. Einnig þarf að bæta við þverröndum, buldurspölum. | | |
| 1-u4 | Hringvegur við Selá. | Keyptir öryggisendar fyrir Selá í Fáskrúðsfirði. | Keyptir öryggisendar fyrir Selá í Fáskrúðsfirði. | 2.250.228 kr. |
| 1-u7 | Hringvegur við Tóftá. | Setja vegrið við óvarið ræsi. 18.03.2021: Svæði er að spá í að lengja ræsið að ofanverðu en setja vegrið að neðanverðu. | Sett upp víravegrið (229 m) við Tóftá í neðri kant um st. 6150 og ræsi lengt um 6 m í efri kanti, D=180. | 4.199.751 kr. |
| 1-u8 | Hringvegur um Kambanesskriður. | Vegrið tengd á milli eldri vegriða, komin samfella í vegriðin. | Sett upp bitavegrið á milli eldri bita sem tengir þannig að komin er samfella í vegriðið, tveir bútar (328 m og 476 m). | 10.018.431 kr. |
| 1-v1 | Hringvegur innan við Kleifarétt | Sett upp vegrið þar sem hætta er á að ef einhver fer útaf þá lendi sá í sjónum. | Sett upp fláavegrið í kant sjávarmegin um st. 7500 (306 m). | 3.063.178 kr. |
| 1_v9_6760 | Hringvegur í Álftafirði. | Óvarið ræsi eða steyptur stokkur sem líklega þarf að setja vegrið við. Bætt inn á lista eftir umræður á fundi 31. janúar 2020. Verkefni frestaðist. 18.03.2021: Svæði hefur talað við Aron. Spurning um vegriðsgerð eða hvort hægt sé að skipta þessum stokk út fyrir ræsi. | Sett upp fláavegrið við steypta stokka, (240 m og 240 m). Eftir er setja eina stoð utan á kanta á stokkum, verður gert 2022. | Sjá neðar |
| 1_v9_7100 | Hringvegur í Álftafirði. | Steyptur stokkur sem setja þarf vegrið við. Bætt inn á lista eftir umræður á fundi 31. janúar 2020. 18.03.2021: Svæði hefur talað við Aron. Spurning með vegriðsgerð eða hvort hægt sé að skipta þessum stokk út fyrir ræsi. | Sett upp fláavegrið við steypta stokka, (240 m og 240 m). Eftir er að setja eina stoð utan á kanta á stokkum, gert 2022. | 7.174.675 kr. (2 verk á 1-v9) |
| 1-x2 | Hringvegur við Hvalnes. | Uppsetning vegriðs, annar áfangi. Ljúka uppsetningu vegriðs neðan vegar og setja vegrið í efri kant, fjallsmegin, þarna er lón ofan við veg. | Sett upp fláavegrið í efri kant á milli st: 5820-7460 (933 m og 704 m) samtals 1.637 m. | 15.483.098 kr. |
| 1-y3 | Hringvegur við Jökulsá á Breiðamerkursandi. | Ljósastýringin er komin og ljós hafa verið tengd en virka ekki enn þá. Áhyggjur af því | Jökulsá á Breiðmerkursandi. Lagfærð og sett upp umferðarljós, sem ekki hafa | 1.541.350 kr. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | að hraði umferðar á grænu verði of mikill. Ákveðið að taka tvö af nýju hraðaviðvörunarskiltunum frá Ísmar (sem leyfir okkur að nálgast gögn) og setja þarna upp. | reynst vel þar sem umferð er mjög hæg innan um gangandi vegfarendur. Þarf að endurstilla og bæta, ef á vera hægt að nota þau. | |
| 1-y9 | Hringvegur / Hafrafellsvegur. | 2020: Setja upplýsingaskilti við planið sem þar er til að vísa á Batman veginn. Einnig þarf að stækka þetta plan, vinsæll staður til að taka myndir. 2021: Vinna skv. áætlun 2020. | Lagað plan á Hafrafellsvegi og honum lokað í leiðinni, samsíða plan með veg breytt með nýja plan með einni inn- og útafkeyrslu. | 1.055.325 kr. |
| 1z0-1z2 | Hringvegur Skeiðarársandur. | Framhald verkefnis sem felst í að lengja ræsi. Á fundi 20. janúar 2021 kom fram að búið væri að kaupa megnið af ræsunum og lengja nokkur. | Lenging á ræsum á Skeiðarársandi, framhald frá fyrra ári, þetta eru um 30 endar sem voru lengdir. | 15.712.850 kr. |
| 1z2 | Hringvegur við sýslumörk Skeiðarársandur | Áætlun 2020: Færa sýslumarkastein út fyrir tvöfalt öryggissvæði og lagfæra plan sem þarna er. | Steinn var færður út fyrir öryggissvæði, einnig lenti kostnaður af nokkrum ræsaendum inn á þetta númer. | 1.531.194 kr. |
| 95-02 | Norðfjarðarvegur við hesthús Reyðarfirði. | Blikkljós og merkingar við þverun hestamanna. M.a. var ákveðið í samtali SvS og AÞÁ 4.2.2021 að bæta yfirborðsmerkingar (sbr. umferðarmerki um umferð hestamanna). 19.03.2021: Undirgöng hafa verið rædd. Næsta skref að hanna þau. M.a. þarf að skoða lausn á grunnvatnsmálum. | Settar upp merkingar og blikkljós þar sem hestamenn þvera veg. | 1.223.950 kr. |
| 92-07 | Norðfjarðarvegur utan við Reyðarfjörð (stöð 150-200). | Laga fláa við enda vegriðs. Festa þéttbýlisskilti og lengja vegrið við ræsi. | Lenging á víravegriði, 51 m, endurnýjað hraðavaraljós við innkomuna á Reyðafjörð. | Sjá neðar |
| 92-07 | Norðfjarðarvegur Hólmahálsi. | Lengja vegrið um 200 m í átt að Reyðarfirði. Tengir tvö vegrið sem fyrir eru. | Tengt á milli enda í Hólmahálsi um 221 m (tengja saman og komin heild) | 3.393.453 kr. (2 verk á 92-07) |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 92-11 | Norðfjarðarvegur. | Uppsetning á veglýsingu við innkomuna í bæinn á Neskaupstað. | Klárað frá fyrra ári að tengja lýsingu sem sett var upp. Fjöldi staura er 13 stk. | 1.056.501 kr. |
| 93-01 | Seyðisfjarðarvegur við Eyvindarárbrú. | Kaflinn frá st. 1100-1720 slær út í slysagreiningu f. 2015-2019. Ath. bæta merkingar á vegamótum 93 og 94 skv. "staðalteikningu". 18.03.2021: Rætt um að setja leiðbeinandi hraða merki í beygjuna í st. 1400. Annað sem yrði gert í ár er að loka tengingunni sem þarna er. Rætt um að skoða síðar gerð bílastæðis við Miðhúsaveginn (9405-01). Svæði ræðir um það við sveitarfélag. Bæta við beygjuörvum í beygju í st. 1000-1200 og setja buldurspeli þar sem þéttbýlisskiltið er, ca. st. 1040. Skipta út beygjuörvum í beygjunni í stöð 1400. Annað. Taka þarf ákvörðun um tengingar við innkomu á Egilsstaði. Skipulagsvinna er í gangi. | Sett um merki við vegamót skv. "Teikningu um bættar merkingar við vegamót" Hönnunardeild vinnur að tillögum og svæði ætlar að kynna þá vinnu fyrir sveitarfélaginu. | 538.469 kr. |
| 93-03 | Seyðisfjarðarvegur. | Endurnýjað og sett upp hraðavaraljós. | Tenging á endurnýjuð hraðavaraljósi sem keypt var 2020. | 197.527 kr. |
| 94-03 | Borgarfjarðarvegur um Eiðar. | Setja upp hraðaviðvörunarljós (tvö stk.). | Sett upp hraðavaraljós beggja megin við innkomuna að Eiðum og gróður með vegi fjarlægður á um 600 m kafla til að auka sjónlengdir og bæta umferðaröryggi. | 1.871.685 kr. |
| 98-01 | Djúpavogsvegur. | Hraðahindrandi aðgerðir og fl. Annar áfangi. 18.03.2021: Í forgangi í ár að bæta lýsingu við gönguþveranir tvö, þrjú (máluð) og fjögur. Grafa þarf niður þrjá staura sem keyptir voru á síðasta ári en eftir er að kaupa ljóskerin (30 þús. kr. stk.) Búið að | Klárað að setja upp hellulagðan pall (upphækkun) á gönguleið yfir veg að íþróttar- og útivistarsvæði sem byrjað var á 2020. | 775.877 kr. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | ljúka við upphækkuðu gangbrautina við gönguþverun tvö, var gert nú eftir áramót og því fellur kostnaður að hluta á þetta ár. Einnig þarf að laga merkingar, samspil hraðskilta og þéttbýlismerkis. | | |
| 99-01 | Hafnarvegur tenging við Ögmund. | 2020: Bæta sjónlengdir en þær eru skertar vegna grashóls. Mikið er af lögnum á þessum stað. Vinna er að hefjast varðandi lagnirnar og farið verður í framkvæmdir samhliða því. Vinna skv. áætlun 2020. | Sett upp endurnýjað hraðavaraljós sem var keypt 2020. | 136.599 kr. |
| 925-04 | Hróarstunguvegur / Hringvegur. | Áframhaldandi lagfæringar á vegamótunum, m.a. gerð hjáreinar. Ath. einnig færsla námutengingar til suðausturs. | Hönnunarvinna vegna vegamóta Hringvegar og Hróarstunguvega við Vök. | 129.037 kr. |
| 931-09 | Upphéraðsvegur við Hallormsstað. | Keyptur ABC öryggisendi. | ABC endi sem eftir er að setja upp. | 562.558 kr. |
| 944-02 | Lagarfossvegur. | Þarna þarf 300 m langt vegrið, hægt að lenda úti í farveginum. Svæði metur kostnað. Hugsanlega þarf að breikka veg fyrir vegrið. | Sett upp bitavegrið við inntaks-mannvirki hjá Lagarfossvirkjun, alls 276 m. | 3.599.300 kr. |
| 593 | Reyðarfj, umhv. vega. | Ýmsar aðgerðir. | Gerð vegrás í Stöðvarfirði á milli st. 6880-7420 í tengslum við öryggis-aðgerðir um Tóftá (6100-6250). | 1.228.778 kr. |
| | Hönnun og umsjón/eftirlit | Kostnaður vegna hönnunar, umsjónar og eftirlits með framkvæmdum. | | 6.697.500 kr. |
| | | | | |
| | | | **Austursvæði – Umferðaröryggisaðg. 2021:** | **93.900.385 kr.** |

# Viðauki IV. Undirgöng fyrir búfé og hvíldarsvæði við þjóðvegi

Uppgjör fyrir árið 2021

## Uppgjör fyrir árið 2021

| Vegkafli | Staður | Áætlun | Aðgerðir 2021 | Kostnaður |
|---|---|---|---|---|
| 1-t1 | Hringvegur, við Skóghlíð | Fyrirhugað vigtunarplan | Keypt efni í kindaræsi 30 m, D=200 sem fyrirhugað er að setja sem búfjárræsi undir Hringveg við Skóghlíð vegna fyrirhugaðs eftirlitsplans st. 700 | 2.353.158 kr. |
| 35-08_8700 (35-09_1400 í fyrri skýrslu) | Biskupstungnabraut við Kjóastaði | Gerð reiðganga. Efni í ræsið var keypt árið 2020 en eftir er að gera göngin. Um er að ræða hluta af útboðsverki Skeiða- og Hrunamannavegar. | Reiðræsi við Skeiða- og Hrunamannaveg. Var unnið samhliða framkvæmdum við Skeiða- og Hrunamannaveg. | 10.520.000 kr. |

**Samtals áfallinn kostnaður vegna undirganga fyrir búfé 2021 : 12.873.158 kr.**